

**SKOÐUN** Vald húseiganda til að þenja sig út í ystu mörk byggingamagns er meinsemd sem þarf að laga. **12**



**MENNING** Elsta húsið á Selfossi þjónar nú sem umgjörð fyrir nýjasta veitingastað bæjarins. **26**



**SPORT** Stelpurnar okkur áttu aldrei möguleika gegn Evrópumeisturum Þýskalands. **20**

**SNERTISKJÁR**

ASUS

119.990

TÖLVU LISTINN

tl.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
15. júlí 2013  
164. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

**FRÉTTIR**



**Stefán Logi neitar sök**

Lögmaður Stefáns Loga Sívarssonar segir hann neita allri sök í þeim málum sem hann var handtekinn vegna á föstudag. Stefán Logi hafi ekki verið á Stokkseyri þar sem maður var haldið fongnum og hann pyntaður. **6**

**Lára Hanna skipti sköpum** Birgitta Jónsdóttir alþingismaður segir ríkisstjórnarflokkana hafa rofið samkomulag um skipan stjórnar RÚV þegar Píratar vildu útnefna Láru Hönnu Einarsdóttur þýðanda. Af og frá segir Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksmaður Framsóknar. **6**

**Amnesty styður Manning** Amnesty International krefst þess að bandarísk stjórnvöld falli frá ákæru um að Bradley Manning hafi „aðstoðað óvininn“. Viðurlög við slíku eru dauðadómur. **8**



Bolungarvík	8°	NA	7
Akureyri	11°	A	4
Egilsstaðir	11°	ASA	5
Kirkjubæjarkl.	10°	SA	3
Reykjavík	11°	SSA	4

**Rigning** með köflum um mest allt land en dregur úr úrkomunni síðdegis og í kvöld. Fremur hægur vindur víðast hvar og hiti á bilinu 7 til 13 stig. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Fólk

**FÓLK**

FASTAIGNIR.is

heimili FASTAIGNASALA

Nýtt frábært fasteignaapp

## Ágóði af leigusölu hér einna mestur í Evrópu

Leigusalar í Reykjavík ávaxta fé sitt betur en í öllum öðrum borgum Evrópu fyrir utan Chisinau í Moldóvu og Kíev í Úkraínu. Kvaðir um aukið eigið fé við íbúðar-kaup þrýsta leiguverðinu upp. Fjölskyldur hrekjast ört milli íbúða í umrótinu.

**FJÁRMÁL** Ávöxtun leigusala í Reykjavík er afar há í samanburði við aðrar evrópskar borgir, að því er fram kemur í greiningu Arion banka.

„Leiguverð hefur verið að hækka hraðar en kaupverð,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka. Ávöxtun leigusala í Reykjavík nemur um níu prósentum. Borgin er í þriðja sæti á eftir Chisinau í Moldóvu og Kíev í Úkraínu.

Að sögn Ásdísar hefur leigumarkaðurinn þanist út eftir hrun, þar sem krafa um eigið fé gerir það að verkum að það ekki hafa allir tók á því að kaupa sér fasteign.

„Aukin eftirspurn á leigumarkaði hefur vissulega áhrif á leiguverð og kemur sér vel fyrir fasteigna-

eigendur,“ segir Ásdís. Mikilvægt sé þó að hafa í huga að vaxtastig hér sé almennt hærra en í samanburðarlöndum og því eðlilegt að ávöxtunarkrafa leigusala sé hærri.

Eyrún Ósk Egilsdóttir leikskólakennari og Alvin Árnason Poulsen lagerstarfsmaður, sem eiga saman tvær dætur, eru verulega óróleg.

„Við höfum þurft að flytja nokkrum sinnum,“ segir Eyrún, sem upplifir nú söguna endurtaka sig.

„Við erum búin að vera að leita núna að íbúð í tvær vikur og höfum ekki fengið neitt. Greiðslugeta okkar er um 130

þúsund og eru íbúðar á því verði vandfundnar.“

Hjónin Gunnhildur Wessman og Arnar Haraldsson hafa þurft að flytja fjórum sinnum frá 2008. Þau eiga þrjú börn og þurfa að flytja á næstu vikum vegna þess að íbúðin þeirra hefur verið sett á sölu.

„Fólk slæst um íbúðirnar og við höfum ekki fengið neina íbúð enn. Maður er orðinn skít-hræddur og stressaður að finna ekki neitt,“ segir Gunnhildur Wessman.

- le / sjá síðu 10

**LEIGJENDUR**

Alvin Árnason Poulsen, Eyrún Ósk Egilsdóttir og dætur.



**HEIMSMEISTARI** Aníta fagnar sigri í úrslitahlaupi 800 metra hlaupsins í Donetsk í gær. Hún er fyrst íslenskra ungmenna til að verða heimsmeistari í frjálsíþróttum. Hún var aðeins frá sínu besta en hafði engu að síður mikla yfirburði. NORDICPHOTOS/GETTY

Starfsmaður fékk trúnaðargögn til að nota í eigin rannsókn í óleyfi:

## Barnaverndarnefnd rauf trúnað

**PERSÓNUVERND** Barnaverndarnefnd Reykjavíkur braut á föður er framkvæmdastjórinn veitti starfsmanni nefndarinnar leyfi til að nota trúnaðargögn um föðurinn í nemendaverkefni.

„Eftir því sem best er vitað tók [starfsmáðurinn] ekki gögn úr málaskrá af starfsstöð en

það láðist því miður að kalla eftir samþykkiyfirlýsingum til varðveislu í skjalasafni Barnaverndar Reykjavíkur og er það mjög miður,“ segir í svari framkvæmdastjóra Barnaverndar til Persónuverndar.

Starfsmaðurinn bar því við að hafa fengið leyfi barnsmóður

mannsins. Fram kemur í umfjöllun Persónuverndar að jafnvel þótt móðirin hefði veitt leyfi nægði það ekki til að veita mætti aðgang að upplýsingum um föðurinn. Þess utan hafi móðirin neitað að hafa veitt samþykki. Var það sagt glatað er Persónuvernd óskaði eftir afriti þess. - hó / sjá síðu 4

## Umboðsaðili Apple ósáttur: Auglýsing frá Samsung kærð

**DÓMSMÁL** Umboðsaðili Apple á Íslandi hefur kært Tæknivörur vegna umtalaðrar auglýsingar fyrir Samsung-síma. Þess er krafist að bann verði lagt við birtingu auglýsingarinnar því hún brjóti gegn reglum um samanburð í auglýsingum.

„Það er fortakslaust bann lagt við því að vegið sé að samkeppnisaðila með því að kasta rýrd á vöru hans eða sýna henni lítilsvirðingu,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður umboðsaðilans.

Auglýsingin, sem ber heitið „Fáðu þér síma sem skilur þig“, hefur vakið heimsathygli. Í kærinni er vísað í epli, sem augljóst er sagt að eigi við vörumerki fyrirtækis. Þá eigi sauðkind að tákna notanda Apple iPhone sem „fylgri hjörðinni en tekur ekki þátt í gleðinni“.

„Menn hafa ekki mikla kímni-gáfu ef þeir láta sér detta í hug að kæra svona,“ segir Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri Tæknivara.

- nej / sjá síðu 2

Aníta kom fyrst í mark:

## Móðirin gat ekki horft á

**ÍÞRÓTTIR** „Það var ekki fyrr en ég sá hana koma í mark að ég gat slakað á. Hún settist niður, hallaði aftur höfðinu og þá kom svipur á hana sem sagði mér að þetta hefði allt saman tekist,“ segir Bryndís Ernstdóttir, móðir Anítu Hinriksdóttur.

Aníta kom fyrst í mark í 800 metra hlaupi á HM 17 ára og yngri í Úkraínu í gær. Aníta hafði töliverða yfirburði og var rúmum tveimur sekúndum á undan næsta keppanda.

„Hún er bara venjulegur unglingur,“ segir Bryndís um Anítu, sem lokið hefur fyrsta ári við Menntaskólann í Reykjavík og starfar meðfram því á kaffihúsi.

Nánari umfjöllun um Anítu má sjá á síðu 22. - kt

**ALI BABA**

Ali Baba veitingahús,  
Sudurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

**OPNAR AFTUR EFTIR GAGNGERAR BREYTINGAR**

**TILBOÐ:**  
HÁDEGISMATUR Í BORÐI KR. 1500,-  
ALLAR VEFJUR M. KÖK KR. 1300,-  
BÖRN YNGRI EN 12 KR. 350,-  
AF BARNNA MATSÆLI  
VERÐI ÞÉR AÐ GÖÐU

TILBOÐ GILDIR TIL 31.07.13  
Á SUÐURLANDSBRAUT

**OPIÐ 24 TÍMA**

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

**Iceland**

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**SUMAR-MARKAÐUR ELLINGSEN**

**Ellingsen**  
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

## SPURNING DAGSINS



Helgi, er ekki hægt að treysta neinu sem þú segir?

„Ég er bara enn að bíða eftir að hún mæti í viðtalið.“

Helgi Seljan, sjónvarpsmaður á RÚV, hringdi í Björtu Ólafsdóttur, þingkonu Bjartrar framfíðar, og plataði hana í viðtali í Útvarpshúsið þar sem vinkonur brúðarinnar tóku á móti henni í stað Helga.

Bæjarráð Kópavogsbæjar getur ekki orðið við bón íbúa um skaðabætur:

## Kvartað yfir ónæði af köttum í Kópavogi

**SAMFÉLAGSMÁL** Íbúi í Kópavogsbæ lagði fram kvörtun til bæjarráðs um ónæði vegna katta fyrr í vikunni. Óskað var eftir bótum vegna fjárútláta sem viðkomandi varð fyrir vegna umgangs katta á lóð sinni. Taldi bæjarráð sig ekki geta orðið við óskinni.

Segir í erindi kvartanda að kettir séu sífelld á flækingi í garði hans, ekki sé hægt að skilja eftir opinn glugga án þess að þar sé kominn köttur auk þess sem fuglalíf fari hverfandi. Vísar kvartandi í samþykkt Kópavogsbæjar um kattahald þar sem tiltekið er að kattaeigendur skuli haga kattahaldi sínu þannig að þeir valdi ekki tjóni eða

ónæði. Telur íbúinn reglurnar bitlausar.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem kettir koma til umræðu innan bæjarráðs Kópavogsbæjar. Guðríður Arnardóttir bæjarfulltrúi hefur lagt fram nokkur erindi í bæjarráði Kópavogs að undanförunum þar sem lagt er til að gripið verði til ráðstafana vegna vaxandi fjölda katta í bænum. Lagði hún fram tillögur um sektarákvæði vegna lausagöngu katta ef reglum þar að lútandi væri ekki fylgt auk þess sem hún lagði til að lausaganga katta yrði bönnuð á varptíma fugla. Var tillagan felld í bæjarráði.



UMDEILDAR SKEPNUR Kvartað hefur verið yfir lausagöngu katta í Kópavogi.

-nej



HNÚFUBAKUR HEILSAR UPP Á Stórhveli leit við hjá hvalaskoðunarfólki á Skjálfaða í gær. MYND/ARAH ARNDT

Stórhvalagengd í nýjum hæðum á Skjálfaðaflóa:

## Hnúfubakur leit við

**NÁTTÚRUSKODUN** Hnúfubakur skoðaði farþega um borð í Ömmu Siggu, hvalaskoðunarbáti frá Húsavík, á Skjálfaðaflóa í gær. „Báturinn ferðlaus og hnúfubakurinn damlaði að í rólegheitum og kafaði að skoðun lokinni,“ segir Stefán Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gentle Giants. „Höfrungar léku sér við gesti og túrinn endaði á steypireyði

stutt frá höfninni á Húsavík,“ segir Stefán, sem kveður nokkuð algengt að hnúfubakar skoði fólk og bátana. Stórhvalagengd hafi aukist ár frá ári og náð nýjum hæðum á þessu sumri. „Veðrið hefur sömuleiðis leikið við gesti og áhafnir hvalaskoðunarfyrirtækjanna á Húsavík og ekkert lát á hagstæðum vindum og sólfari.“

-gar

Rekstrarform heilsugæslu:

## Ráðherra sér nýja möguleika

**HEILBRIGÐISMÁL** Rekstur heilsugæslunnar á heima hjá sveitarfélögum. Þetta er mat Dags B.



KRISTJÁN PÓR JÚLÍUSSON

Eggertssonar, borgarfulltrúa Samfylkingar. Dagur segist alfarið á móti einkavæðingu heilbrigðiskerfisins en Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra sagði á Bylgjunni í gær mögulegt að gefa kost á fleiri rekstrarformum heilsugæslunnar en að ríkið ræki hana. Tók ráðherra þar sem dæmi rekstur sveitarfélaga á heilsugæslunni.

-ig

Nýleg könnun MMR:

## Dalandi fylgi Framsóknar

**ALPINGI** Könnun MMR sýnir að fylgi ríkisstjórnarflokkanna mælist nú lægra en fylgi við flokka í stjórnarandstöðu. Jókst fylgi Sjálfstæðisflokksins úr 26,5 prósentum í 29,7 prósent á meðan fylgi Framsóknarflokksins dalaði. Mælist það nú 16,7 prósent borið saman við 19,3 prósent í síðustu mælingu. Fylgi ríkisstjórnarflokkanna mælist því 46,4 prósent.

Stjórnarandstöðuflokkarnir, Samfylkingin, Vinstri græn, Björt framtíð og Pírataflokkurinn, mælast samtals með 47,3 prósentu fylgi.

-nej

## Símaauglýsing kærð

Umboðsaðili fyrir Apple hefur kært Tæknivörur til Neytendastofu og krafist banns við birtingu auglýsingar fyrir Samsung. Lögmaður umboðsaðilans segir vegið að fyrirtækinu. Óþarfa tilfinningasemi, segir framkvæmdastjóri Tæknivara.

**SAMKEPPNISMÁL** Kæra hefur borist Neytendastofu vegna Samsungauglýsingar fyrirtækisins Tæknivara.

Kærandinn er Skakkiturn ehf., fyrirtæki sem flytur inn og selur vörur frá bandaríska fyrirtækinu Apple [ísl. epli], og er þess krafist að bann verði lagt við birtingu auglýsingarinnar á grundvelli þess að hún brjóti gegn reglum um samþurðingum.

„Á Íslandi eru samþurðingur auglýsingar almennt bannaðar nema að uppfylltum mjög ströngum skilyrðum. Það er fortakslaust bann lagt við því að vegið sé að samkeppnisaðila með því að kasta rýrð á vöru hans eða sýna henni lítillsvirðingu,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður kæranda.

Auglýsingin, sem ber heitið „Fáðu þér síma sem skilur þig“, hefur vakið heimsathygli.

„Þrátt fyrir að auglýsingin sé sett fram á nokkuð óhlutbundinn hátt er hún rík af myndmáli,“ segir í kærinni. Er þar vísað í tvö atriði, annars vegar sjálft eplið, sem kærandi segir augljóst að eigi við vörumerki fyrirtækisins Apple og snjallsímann iPhone frá Apple, og hins vegar í birtingarmynd íslensku sauðkindarinnar í auglýsingunni. „Sauðkindin táknar notanda Apple iPhone. Hann



UMDEILD AUGLÝSING „Eplinu er haldið í lófa líkt og snjallsíma og gefnar skipanir sem eru dæmigerðar fyrir notkun þeirra. Að því loknu er eplinu haldið við eyra líkt og síma en af viðbrögðum notandans að dæma virkar eplið ekki sem skyldi,“ segir í kærinni en eftir að aðalpersónan í auglýsingunni kemst yfir Samsung Galaxy-síma tekur hún gleði sína á ný.

fylgir hjörðinni en tekur ekki þátt í gleðinni sem fylgir notkun á vöru kærða,“ er útskýrt í kærinni.

Páll Rúnar segir að í auglýsingunni sé vegið að umbjóðanda hans með ólögmetum hætti. „Það má sjá af ummælum á samskiptamiðlum að mörgum sárnar þetta myndmál og skilaboð auglýsingarinnar.“

Hann segir niðurstöðu Neytendastofu fyrirsjáanlega en leggur áherslu á að málshraðinn sé hinn eiginlegi prófsteinn á réttlæti málsins. „Það var því mjög ánægjulegt að sjá snör og fagleg viðbrögð Neytendastofu við kærinni. Alvarleiki málsins endurspeglast vel í því hversu hratt stofnunin hefur brugðist við og hversu knappir allir frestir eru,“ segir hann og leggur áherslu á að

auglýsingin hafi tjón í för með sér fyrir umbjóðanda hans sem ágerist með hverjum deginum.

Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri Tæknivara, sagðist ekki kannast við kærana. Hann tók engu að síður fram að sér þætti langsótt að kæra auglýsinguna. „Þetta fjallar ekkert um okkar samkeppnisaðila heldur bara okkar vöru. Einhverjir hafa lesið í það myndmál að það séu ávextir í túnfætunum hjá dönsurunum og sauðfénu en það er óþarfa tilfinningasemi ef menn láta sér þetta koma til hugar. Menn hafa ekki mikla kímni á ef þeir láta sér detta í hug að kæra svona.“

Ákvörðun í málinu mun að öllum líkindum liggja fyrir um mánaðamótin.

nannae@frettabladid.is

Höfuðborgarbúar langþeyttir á rysjóttri tíð en Veðurstofan lofar sólarglætu á miðvikudag:

## Köflótt veður fram undan

**VEDUR** Í dag er útlit fyrir rigningu með köflum víða um land. Hiti áttu til þrettán stig. Á þriðjudag er einnig útlit fyrir rigningu um mestallt land. „Lægðirnar eru hálfpartinn að klöngrast yfir landið og þá er nánast skýjað alls staðar og hitinn nær sér ekki upp þegar sólin nær ekki að skína,“ segir Teitur Arason veðurfræðingur. Að sögn Teits er þó útlit fyrir skammvinnna norðanátt á miðvikudag með rigningu fyrir norðan en birta ætti til á sunnanverðu landinu. „Á miðvikudag er útlit fyrir bjart veður sunnanlands og búast má við sólarköflum þar sem hitinn gæti hæst farið upp í 17 til 18 gráður á Suðurlandi og Suðausturlandi. Í Reykjavík gæti hitinn farið upp í 15 gráður.“

Á fimmtudag, föstudag og laugardag er útlit fyrir hlýja og raka sunnanátt. „Þá verður rigning eða súld fyrir sunnan og á vestanverðu landinu en hjartviðri og hlýtt á Norðausturlandi og Austurlandi. Þá fellur úrkoman öll hér fyrir sunnan en hitinn og sólin verða fyrir norðaustan og á Austurlandi,“ segir Teitur að lokum.

-hó



SMÁ GLÆTA Langtímaspá er höfuðborgarbúum ekki mjög hagstæð næstu daga en þó má búast við björtu veðri á miðvikudag. Þessir hraustu strákar létu rigninguna ekki á sig fá og sýndu mikil tilþrif í knattspyrnu við Hagaskóla á dögnum.

Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

FIND **NEW** ROADS™



# HELLINGS PLÁSS OG KRAFTUR Í FERÐALAGIÐ

DÍSEL • 7 SÆTA • 184 HESTÖFL • 6 ÞREPA SJÁLFSKIPTING



Bill á mynd: Chevrolet Captiva LTZ

## NÝR CAPTIVA

NÝTT ÚTLIT  
OG AUKINN  
BÚNAÐUR

Chevrolet Captiva sportjeppinn er hlaðinn aukabúnaði sem eykur getu hans við erfiðustu aðstæður. Captiva er einn vinsælasti jeppinn á Íslandi enda er hann áberandi fallegur og býðst á frábæru verði.



Chevrolet Captiva LT 2.2 I • dísel • ssk  
Verð: 6.490 þús. kr.

Kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á [benni.is](http://benni.is)

Opið alla virka frá 9 til 18  
Lokað á laugardögum í júlí.  
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík	Reykjanesbær	Akureyri
Tangarhöfða 8	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2000	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

**Bilabúð**  
**Benna**  
Sérfræðingar í bilum

SVONA ERUM VIÐ



**HAUSTIÐ 2011 VORU SKRÁÐIR NEMENDUR Á FRAMHALDS- OG HÁSKÓLASTIGI 48.723.**

Til náms á framhalds- og viðbótartigi voru skráðir 29.389 og 19.334 til náms á háskóla- og doktorsstigi. Skráðum nemendum í skólum fjölgaði um 3,1% frá árinu áður.

Heimild: Hagstofa

# Meðan ásatrúarmenn blótuðu goðin í Skutulsfirði messuðu kristnir í Aðalvík: Bæði blótað og messað við Djúpið

**MANNLÍF** Bæði var blótað og messað við Ísafjarðardjúp um helgina. Laufey Eypórsdóttir, staðgengill Vestfirðingagoða, stýrði blóti í botni Skutulsfjarðar sem fjörtíu erlendir ferðamenn tóku þátt í. Blót þetta er þáttur í kynningu sem stendur ferðamönnum af skemmtiferðaskipum til boða, en það er Anna Sigríður Ólafsdóttir sem hefur umsjón með kynningunni.

„Það tekur uppabúinn víkingur við þeim á höfninni og kemur með

þá hingað í fjöruna þar sem herlegheitin fara fram,“ segir Anna Sigríður. Kveðið er úr Hávamálum og Völuspá. Ferðamennirnir komast ekki upp með neinn slóðaskap því þeir verða að þylja úr fornritunum á okkar okkar ástkæra ylhýra.

Á laugardag var svo haldið í hina árvissu messuferð að Stað í Aðalvík í Ísafjarðardjúpi. Það voru átthagafélög Sléttuhrepps á Ísafirði og í Reykjavík sem höfðu umsjón með ferðinni en séra Magnús Erlingsson predikaði.

Ekki hefur frést af frammistöðu hans því hópurinn var veðurtepptur í símasambandsleysinu í Aðalvík gær. Umburðarlyndið gagnvart trúarbrögðunum tvennum virðist með eindæmum í Ísafjarðardjúpi því séra Magnús gaf þau Önnu Sigríði og Úlf Þór Úlfarsson saman á sínum tíma, en naut þar fulltingis Eyvindar Eiríkssonar Vestfjarðargoða, svo þau Anna Sigríður og Úlfur Þór eru gefin saman upp á heiðni og kristni.



**LAUFHEY EYÞÓRSÞÓTTIR** Staðgengill Vestfirðingagoða lætur ferðamennina ekki komast upp neinn slóðaskap og lætur þá þylja úr Hávamálum og Völuspá. MYND/BALDUR PÁLL HÖLMGEIRSSON



**SITJA EKKI AUÐUM HÖNDUM** Ásbjörn Arnar Jónsson, Hjörvar Friðgeirsson, Arnar Gísli Jónsson, Grímur Hjartarson, Steinar Stefánsson, Bjarki Þór Hilmarsson, Aron Ingason og Adam Lipski með starfskonum á Barnaspítala Hringinsins.

MYND/PORKELL PORKELSSON

Karlasmiðjan tók sig saman:

## Létu 268 þúsund af sér leiða

**LÍKNARMÁL** Karlasmiðjan lauk nýlega söfnun sinni til styrktar Barnaspítala Hringinsins. Söfnuðust alls 268 þúsund krónur.

Karlasmiðjan er hópur atvinnulausra karla sem kynntust í endurhæfingaráræði á vegum Reykjavíkurborgar og ákváðu að láta gott af sér leiða.

Bað hópurinn einstaklingum og fyrirtækjum ýmiss konar þjónustu, garðslátt og málningavinnu og tók fyrir það hóflegt gjald sem rann óskipt til spítalans. Verður peningurinn nýttur til kaupa á tækjum og búnað fyrir spítalann í þágu barna.

-nej

## Frakkar héldu þjóðhátíð: Herlið frá Malí í fararbroddi

**FRAKKLAND, AP** Hermenn frá þrettán Afríkurríkjum sem tóku þátt í aðgerðum franska hersins gegn uppreisnarmönnum í Malí fyrr á árinu tóku virkan þátt í þjóðhátíðarhöldum í Frakklandi í gær.

Fremstir í röðinni fóru hermenn frá Malí en síðar komu þúsundir franskra hermanna sem sýndu vopn og tækjabúnað hersins eins og venja er til á Bastilludeginum.

-gb

# Barnaverndarnefnd braut trúnað á föður

Starfsmaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkur fékk og notaði trúnaðarupplýsingar um föður án leyfis. Meint samþykki móðurinnar sagt hafa glatast. „Mjög miður,“ segir framkvæmdastjóri, sem kveðst hafa veitt sína heimild í góðri trú.

**PERSÓNUVERND** Barnaverndarnefnd var óheimilt að veita aðgang að persónuupplýsingum í þágu verkefnis sem unnið var af starfsmanni stofnunarinnar fyrir nema-verkefni, segir Persónuvernd.

Í maí 2012 barst Persónuvernd kvörtun varðandi miðlun persónuupplýsinga um föður og börn hans frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til tveggja fræðimanna. Faðirinn sagði að ekki hefði verið leitað eftir samþykki hans þrátt fyrir að hann hefði sameiginlegt forræði með móður barnanna og að lögheimili þeirra hefði verið hjá honum.

Barnaverndarnefnd segir starfsmanninn, sem jafnframt vann að rannsókninni, hafa tilkynnt hana til Persónuverndar samkvæmt leiðbeiningum leiðbeinanda síns. Barnaverndarnefnd hafi verið kynnt að rannsóknin yrði í samræmi við lög og að veittur hefði verið aðgangur að gögnum í trausti þess.

Móðir barnanna kannaðist ekki við að hafa heimilað neina miðlun persónuupplýsinga er varðandi börn hennar og að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefði aldrei leitað eftir samþykki hennar. Á meðal þeirra upplýsinga sem notast var við í rannsókninni voru upplýsingar um hvaða úrræða var gripið til varðandi börnin og foreldrana og umfjöllun um frammistöðu beggja foreldra.

Rannsakandinn fullyrti hins vegar að móðirin hefði gefið leyfi með undirskrift og að hún hefði



**BARNAVERND Í ÓLEYFI** Persónuvernd úrskurðaði að Barnaverndarnefnd hefði verið óheimilt að miðla persónuupplýsingum til tveggja fræðimanna vegna rannsóknar og skólaverkefnis án leyfis föðurs.

MYND/DANIEL

mætt í viðtal þar sem hún svaraði spurningum.

Þegar Persónuvernd bað um afrit af samþykkinu var sagt að það hefði glatast ásamt öðrum gögnum rannsóknarinnar. „Eftir því sem best er vitað tók [starfsmaðurinn] ekki gögn úr mála-skrá af starfsstöð en það láðist því miður að kalla eftir samþykkis-yfirlýsingum til varðveislu í skjala-safni Barnaverndar Reykjavíkur og er það mjög miður,“ segir í svari framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar til Persónuverndar.

hannarut@365.is



**HVERAGERÐI** Ökutækjum er lagt á göngustíga og gangstéttar.

## Hraðakstur og stöðubrot: Lögreglan verði betur sýnileg

**HVERAGERÐI** Svo rammt kveður að hraðakstri og stöðubrotum í Hveragerði að bæjarráðið þar telur þörf á sérstöku átaki. Ökutækjum er lagt ranglega bæði uppi á gangstéttum og göngustígum.

„Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við Sýslumanninn á Sel-fossi að sýnileiki lögreglu í bæjarfélaginu verði meiri en nú er,“ segir í bókun bæjarráðsins, sem vísar sérstaklega á tiltekna staði í bænum.

-gar

Sprengjuárásir í Írak:

## Kostuðu nærri þrjátíu lífið

**ÍRAK, AP** Að minnsta kosti 28 manns létu lífið í sprengjuárás-um í Írak stuttu fyrir sólsetur í gær, þegar landsmenn voru í þann veginn að setjast að veislu-borðum á föstumánuðinum ramadan.

Árásirnar voru gerðar í héraðum sjáa-múslima suður af Bagdad. Fjöldi slíkra árása hefur verið gerður undanfarið og óttast margir að borgarastyrjöldin milli sjía og súnnía sé að magnast á ný.

Meira en 2.700 manns hafa látið lífið í átökum síðan í apríl-byrjun, og er mannfalið orðið meira en þekkt hefur síðan 2008.

-gb

*Dinnmjúkar brúðargjafir*


**Úrval brúðargjafa á tilboðsverði**

**Lin DESIGN**

Lin Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri lindesign.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 29°	Berlín 22°	Friedrichshafen 26°	Las Palmas 26°	New York 34°	París 29°
Apbena 32°	Billund 23°	Gautaborg 21°	London 27°	Orlando 29°	San Francisco 17°
Basel 30°	Frankfurt 25°	Kaupmannahöfn 21°	Mallorca 32°	Ósló 24°	Stokkhólmur 23°

**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður



# TAX FREE

# VIKA

## 15. TIL 20. JÚLÍ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM AUKAHLUTUM TIL  
FERÐALAGA T.D STÓLAR • BORD • SÓLTJÖLD • GRILL • HITARAR  
FORTJALDSDÚKUR - SÓLARSELLUR • FORTJÖLD • MARKÍSUR  
ELDHÚSÁHÖLD • MATARSETT • GLÖS • POTTASETT • TÖSKUR  
AFRÉTTARI • TRÖPPUR • HLIÐARSPEGLAR • RUSLAFÖTUR  
ÞVOTTAVÉL • FERÐAKLÓSETT • KLÓSETTEFNI



**VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ**

Auðvitað greiðum við VSK til Ríkisins en við gefum 20,32% afslátt af öllum ferðavörum.

**VÍKUR**  
V • E • R • K

VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 10 TIL 18 • LAUGARDAGA 12 TIL 16

## VEISTU SVARIÐ?



1. Til styrktar hvaða félagi hlaupa þær Anna Sigríður Sigurjónsdóttir, Christine Buchholz og María Jóhannesdóttir norður Kjöl og suður Sprengisand?  
2. Hvað heitir pakistanska stúlkan sem ávarpaði æskulýðsþing Sameinuðu þjóðanna fyrir helgi?  
3. Fulltrúi hvaða flokks í borgarstjórn greiddi einn atkvæði gegn deiliskipulagi á Landsímareitnum við Austurvöll?

SVÖR:  
3. Fulltrúi Vinstri grænna  
2. Malala Jusarsa  
1. Til styrktar MS félaginu

Zimmerman sýknaður af morðákæru þrátt fyrir að hafa drepit 17 ára pilt:

## Mótmæli víða vegna umdeildrar sýknu

**BANDARÍKIN, AP** Mótmæli voru haldin í borgum víða í Bandaríkjunum í gær vegna dómsúrskurðar á laugardag, þar sem George Zimmerman var sýknaður af morðákæru.

Úrskurðurinn hefur vakið hörð viðbrögð með ásökunum um að kynþáttafordómar lifi enn góðu lífi í Bandaríkjunum. Hvítir menn komist enn upp með að drepa blökkumenn refsilaust.

Zimmerman, sem er 29 ára gamall, varð sautján ára blökkumanni, Trayvon Martin, að bana í febrúar árið 2012. Zimmerman var þá sjálfboðaliði í nágrannavörslu í Sanford á Flórídaskaga. Hann sá Martin í húsagarði, hljóp hann uppi og skaut á hann.

Kviðdómur komst á laugardag að þeirri niðurstöðu að Zimmerman hefði skotið Martin í sjálfsvörn. Zimmerman hélt því fram að pilturinn hefði kýlt hann, slegið höfði hans í gangstéttina og reynt að taka byssuna af honum.

„Kerfið hefur brugðist,“ hrópuðu mótmælendur í gær. „Hver er næstur?“ stóð á einu skiltanna sem mótmælendur veifuðu. - gb

**LAUS ALLRA MÁLA** Kviðdómur komst að þeirri niðurstöðu að George Zimmerman hefði skotið piltinn í sjálfsvörn.

NORDICPHOTOS/AFP



EINHERJAR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM Bardagagleðin skein úr hverju andliti.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fyrsta víkingahátíðin í Reykjavík var haldin um helgina:

## Einherjar börðust af kappi

**APPREYING** Ingólfshátíð var haldin í Hljómskálagarðinum í Reykjavík um helgina í fyrsta sinn, með tilheyrandi bardagasýningum og víkingafjöri. Þetta verður árlegur viðburður og mun Víkingafélagið Einherjar standa að framkvæmdinni.

Ákveðið var að nefna víkingahátíð í Reykjavík Ingólfshátíð eftir landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni. Jafnframt er þessi fyrsta hátíð haldin til minningar um Ingólf Júlíusson, ljósmyndara og félagi á Einherjum, sem lést úr hvítblæði fyrr á árinu. - gb



**ROBERTO CALDEROLI** Sagðist bara hafa verið að grínast.

NORDICPHOTOS/AFP

Ávittur fyrir fordóma:

## Líkti ráðherra við órangútan

**ÍTALÍA, AP** Forsætisráðherra Ítalíu hefur ávitt varaforseta öldungadeildar Ítalíuþings fyrir að líkja þeldökkum ráðherra í ríkisstjórn við órangútan.

„Ég var bara að grínast,“ sagði Roberto Calderoli, sem er leiðtogi Norðurbandalagsins og varaforseti þingsins.

Enrico Letta forsætisráðherra segir ummæli hans um Cecile Kyenge, sem er frá Kongó, vera algerlega óviðunandi og fara langt út fyrir mörkin. - gb



**NELSON MANDELA** Sagður vera að ná sér.

NORDICPHOTOS/AFP

Mandela hressist:

## Sagður brátt útskrifaður

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Thabo Mbeki, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, segist reikna með að Nelson Mandela verði brátt útskrifaður af sjúkrahúsi.

Mandela, sem verður 95 ára gamall innan fárra daga, hefur verið fimm vikur á sjúkrahúsi í Pretoríu vegna lungnasýkingar, lengst af þungt haldinn, og var um tíma talið að hann ætti skammt eftir.

Mbeki, sem er náinn vinur Mandela, sagði þetta við minningarathöfn á laugardag. - gb

## Telja Láru Hönnu örlagavald í RÚV-kjöri

Píratar ætluðu Láru Hönnu Einarsdóttur, þýðanda og bloggara, sem aðalmann sinn í stjórn RÚV. Pétur Gunnarsson rithöfundur átti að vera til vara. Píratar víxluðu þegar þeir fréttu af meintri rögsherð gegn Láru Hönnu.

**ALPÍNGI** „Tveir úr minnihlutunum vörðu okkur við. Orðið á göngunum væri að það ætti að hjóla í Láru og mannorðsmyrða hana uppi í þingsal,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata.



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**

„Málsvörn meirihlutans átti að vera sá að fulltrúi okkar væri vanhæfur. Þess vegna svissuðum við. Við vildum ekki gefa þeim tækifæri til að réttlæta þennan hryllilega gjörning svika,“ heldur Birgitta áfram.



**LÁRA HANNA EINARSDÓTTIR**

Á síðustu dögum sumarþings taldi minnihlutinn samkomulag liggja fyrir; hann fengi fjóra fulltrúa í stjórn RÚV og stjórnarflokkarnir fimm. Upphaflega stóð til að Lára Hanna Einarsdóttir, þýðandi og bloggari, yrði fulltrúi Pírata en Pétur Gunnarsson yrði varamaður.

Óvænt og skyndilega var þetta meinta samkomulag að engu orðið og fyrir þinginu lá tillaga þess efnis að fulltrúar stjórnarflokka í stjórn væru sex en minnihlutinn væri með þrjá. Birgitta segist ekki hafa sannanir en hún telur að það sé vegna þess að fulltrúi Pírata var Lára Hanna.

„Eftir skritinn fund þingflokksformanna, en þar var þessum svikum varpað yfir á Sigmund Davíð Gunnlaugsson, fórum við Katrín



**ÚTVARPSHÚSIÐ** Stjórn RÚV er skipuð af Alpíngi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jakobsdóttir á fund Sigmundar. Hann vísaði í fyrstu á Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, en sagði svo að fulltrúi Pírata væri vanhæfur,“ segir Birgitta, sem telur það einkennilegt á þessu stigi. Meint vanhæfi Láru Hönnu byggir á því að hún starfi fyrir 365, samkeppnisaðila RÚV. „En staðreynd málsins er sú að þar þýðir hún sem verktaki þættina Bold and the Beautiful.“

Láru Hönnu, einum tilnefndra fulltrúa í stjórn RÚV, hefur borist bréf frá lögmanni menntamálaráðuneytisins þar sem henni er sem varamanni gert að sanna hæfi sitt. Þetta telur Birgitta meðal annars eitt þess sem bendi til þess að viðsnúningurinn sé vegna þess að menn innan ríkisstjórnarinnar geti ekki hugsað sér hana í stjórn RÚV. Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknar, telur þetta

af og frá. „Neineineinei. Þetta er söguburður og útskýring úr lausu lofti gripin. Við vissum ekkert hvaða fólk var tilnefnt fyrr en eftir á. Það var aldrei um neitt samkomulag að ræða. Bara eitthvað sem við höfðum sagt á göngunum. Í lögum um RÚV segir að í stjórn skuli skipað samkvæmt hlutfallskosningu. Það var ekkert samkomulag rofið. Bara alls ekki.“

jakob@365.is

Þetta er söguburður og útskýring úr lausu lofti gripin.

Sigrún Magnúsdóttir þingflokksformaður Framsóknar



Stefán Logi Sívarsson neitar alfarið sök í rannsókn lögreglu á frelsissviptingu:

## „Hefur aldrei komið til Stokkseyrar“

**LÖGREGLUMÁL** Stefán Logi Sívarsson, sem grunaður er um aðild að líkamsárás og frelsissviptingu ungs manns, var yfirheyrður af lögreglu á laugardag.

Samkvæmt upplýsingum frá Vilhjálm H. Vilhjálmssyni, lögmanni Stefáns, neitar hann allri sök á málinu. Vilhjálmur segir jafnframt að Stefán Logi hafi verið yfirheyrður vegna tveggja mála og að skýrslutakan hafi staðið yfir í um það bil tíu mínútur.

Tekin hafi verið skýrsla annars vegar vegna Stokkseyrarmálsins svokallaða, þar sem grunur leikur á að manni hafi verið haldið nauðugum og hann sætt hrottalegu ofbeldi, en hins vegar vegna máls er varðar líkamsárás í Breiðholti. Þá þvertur Vilhjálmur fyrir að um fleiri mál sé að ræða eins og fram hafi komið í fjölmiðlum.

Hann segir meinta aðild Stefáns að málnum alfarið byggja á getgátum lögreglu. Ekki liggja fyrir kæra frá brotabólum og því hafi ekki verið tekin af þeim lögregluskýrsla. Í opnu bréfi Vilhjálm til fjölmiðla segir: „Í fjölmiðlum hefur verið fullyrt að Stefán Logi hafi pyntað mann á Stokkseyri og að hann sé höfuðpaurinn í málinu. Þetta er ekki í samræmi við það sem kom fram hjá lögreglu í ofan-



**NEITAR SÖK** Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Stefáns Loga Sívarssonar, segir hann hafa verið yfirheyrðan vegna gruns um aðild að tveimur málum. Hann neiti alfarið sök.

greindri skýrslutöku eða í gæsluvarðhaldskröfu lögreglu. Rétt er að taka fram að Stefán Logi hefur aldrei komið til Stokkseyrar.“

Stefán Logi var handtekinn við sumarbústað í Miðhúsaskógi í Biskupstungum á föstudag og var á laugardag úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjaness.

- h6

**ODÝRT**  
Heimilis  
RIFINN OSTUR

Ómissandi á pizzuna, í ofn- og pastaréttina, á tortillurnar og salatíð.

100% ISLENSKUR OSTUR



**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

**SÍÐASTI SÉNS!**

**FRÍHAFNARDAGAR**

Dagana 11. - 15. júlí  
afnemun við virðisaukaskatt\*  
af öllum snyrtivörum.

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu.  
Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*

## HEIMURINN



## Krefjast afsagnar

**1 SPÁNN** Leiðtogar stjórnarandstöðunnar á Spáni kröfðust þess í gær að Mariano Rajoy forsætisráðherra segði af sér hið snarasta, eftir að smáskilaboð frá Rajoy til fjármálaráðherrans Luis Barcenos voru birt í dagblaðinu El Mundo. Barcenos var handtekinn í síðasta mánuði og bíður réttarhalda fyrir skattsvik og peningabætti. Hann er meðal annars sakaður um að hafa greitt Rajoy og fleiri stjórnmálamönnum fé.



## Vill herða reglur

**2 PÝSKALAND** Angela Merkel Pýskalandskanslari vill að settar verði strangari reglur um gagnavernd, bæði í Evrópuríkjunum og á alþjóðavettvangi. Hún sagði í sjónvarpsviðtali að þýsk stjórnvöld myndu taka afar harða afstöðu í þessu máli í viðræðum um nýjar Evrópureglur um þessi mál. Í síðustu viku kom hún hins vegar Bandaríkjunum til varnar í nýjssamálinu mikla sem hneykslað hefur heimsbyggðina undanfarið.

## Fóstureyðingar bannaðar

**3 BANDARÍKIN** Repúblikönnum á ríkisþinginu í Texas tókst um helgina að ná í gegn banni við fóstureyðingum, sem demókrötum tókst að stöðva fyrir nokkru með málþófi. Reglurnar í Texas eru nú með þeim alströngustu í Bandaríkjunum. Einungis fimm af 42 fóstureyðingarstöðvum í Texas uppfylla skilyrði sem þeim eru nú sett til að fá starfsleyfi. Demókratar segjast ætla með málið fyrir dómstóla og vonast til að fá banninu hnekk.



**BLÁI HNÖTTURINN** Evrópska geimrannsóknastofnunin sendi frá sér þessa mynd, sem á að sýna hvernig blái gasrisinn gæti litið út.

Reikistjarna litgreind:

## Hnötturinn reyndist blár

**VÍSINDI** Vísindamönnum hefur í fyrsta sinn tekist að litgreina reikistjörnu utan sólkerfis okkar. Sá hnöttur reyndist vera blár á litinn.

Um er að ræða svonefndan gasrisa í 63 ljósára fjarlægð frá okkur, en stóru reikistjörnurnar í okkar sólkerfi eru einnig gasrisar, þeir Júpítur, Satúrnus, Úranus og Neptúnus. Hópur vísindamanna við Evrópsku geimrannsóknastofnunina vann þetta verk og notaðist við myndir frá stjörnufræðingnum Hubble.

Andlát í Svíþjóð:

## Helmingi færri í jarðarförum

**SVÍÞJÓÐ** Helmingi færri Svíar fara í jarðarförir nú en í lok níunda áratugar síðustu aldar. Frá þessu er greint í sænskum fjölmiðlum, sem vitna í samtök útfararstofa.

Í lok níunda áratugarins voru þeir sem fylgdu látnum til grafar að meðaltali um 50 en nú er fjöldinn 25 að meðaltali.

Haft er eftir prestinum Ingvar Briland að nú séu útfarargestir yfirleitt aðeins nánasta fjölskylda hins látna frekar en vinir og fjarskyldir ættingjar.

# Innan fárra vikna sér fyrir endann á máli Mannings

Eftir þriggja ára fangavist sér Bradley Manning brátt fyrir endann á málaferlum Bandaríkjastjórnar gegn sér. Vitnaleiðslum lauk í síðustu viku og lokamálflytningur saksóknara hefst í dag. Amnesty International segir ákærulið um að hann hafi aðstoðað „óvininn“ eiga sér enga stoð. Búist er við dómi innan fárra vikna.

**BANDARÍKIN** Vitnaleiðslum í máli Bandaríkja-stjórnar gegn hermanninum Bradley Manning lauk í síðustu viku. Lokamálflytningur saksóknara hefst í dag og síðar taka verjendur við.

Manning lak til fjölmíðla leyniskjölum frá bandarískum stjórnvöldum og bandaríska hernum. Hann hefur nú setið nærri þrjú ár í fangelsi, en sjálf réttarhöldin hófust ekki fyrr en í byrjun júní á þessu ári.


Mannréttindasamtökin Amnesty International sendu fyrir helgi frá sér yfirlýsingu þar sem þess var krafist að bandarísk stjórnvöldum féllu frá ákæru um að Manning hefði „aðstoðað óvininn“.

Sú ákæra hefði í för með sér þyngstu refsinguna af öllum 22 ákæruliðum málsins, jafnvel dauðarefsingu.

Strax í febrúar játaði Manning sekt í tíu af þessum 22 ákæruliðum, og á yfir höfði sér allt að 20 ára fangelsi fyrir þau brot. Réttarhöldin snúast um hina 12 ákæruliðina, sem Manning segist saklaus af.

„Málsrök stjórnvalda fyrir aðstoð við óvininn eru fátíðleg, og það kemur ekki á óvart,“ sagði Widney Brown hjá Amnesty International eftir að vitnaleiðslum var lokið. „Það sem kemur á óvart er að saksóknarar í máli þessu, sem hafa þá skyldu að vinna að framgangi réttlætisins, hafa talað fyrir þeirri kenningu að það að gera upplýsingar aðgengilegar á Internetinu – hvort sem það er fyrir tilstilli Wikileaks, á persónulegri bloggsíðu eða á vefsíðu The New York Times – geti talist aðstoð við óvininn.“

Í tilkynningu frá samtökunum segir að til



BRADLEY MANNING í fylgd hermanna við upphaf réttarhaldanna í byrjun júní.

NORDICPHOTOS/AFP

þess að Bandaríkjastjórn geti sannað að Manning hafi í reynd veitt „óvini Bandaríkja“ aðstoð þurfi þau að sýna fram á að hann hafi afhent tilgreindum óvini tilteknar upplýsingar sem gætu reynst skaðlegar Bandaríkjunum. Og þetta hafi hann þurft að gera vísitandi, eða með „illt í huga“ eins og dómari í málinu hefur orðað það.

Lokavitni verjenda í málinu, lagaprófessorinn Yochai Benkler við Harvard-háskóla, sagði að með því að afhenda upplýstrunarsíðunni

**1.145** daga hefur Bradley Manning verið í fangelsi. Hann var handtekinn 29. mars árið 2010.

Wikileaks mikið magn leynigagna hefði Manning innt af hendi fullkomlega löglegt og mikilvægt verk í þágu blaðamennsku við að upplýsa almenning.

gudsteinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is



## Nýr Golf.



**WORLD CAR AWARDS 2013**  
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

### Evrópu- og heimsmeistari

Volkswagen Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og 66 bílابلادامenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Nýr Golf kostar frá **3.540.000 kr.**

Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskjupur, 122 hestöfl.



Das Auto.

Komdu og reynsluaktu bíl ársins

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði





„Þetta er ekkert flókið! Bara láta gott af sér leiða.“

Safnaðu áheitum á [hlaupastyrkur.is](http://hlaupastyrkur.is)



#### Hlaupastyrkur.is

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali.

Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

#### Við kynnum Maraðonmanninn

Fylgstu með Pétri Jóhanni Sigfússyni búa sig undir að hlaupa hálfmaraðon í Reykjavíkurmaraðoni Íslandsbanka.



Vertu vinur:  
[Facebook.com/marathonmadurinn](https://www.facebook.com/marathonmadurinn)



Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 16 ár



# Ávöxtun leigusala í Reykjavík hærrí en í allflestum evrópskum borgum

Samkvæmt greiningardeild Arion banka er ávöxtun leigusala í Reykjavík nú í hæstu hæðum og er borgin í þriðja sæti yfir mestu ávöxtun leigusala í Evrópu. Ekki hafa leigjendur það jafn gott og hefur leiguverð hækkað mun hraðar en kaupverð fasteigna. Hins vegar gera hindranir inn á kaupmarkaðinn það að verkum að leigumarkaðurinn er í sókn, sem þýðir herra leiguverð og aukna ávöxtun fyrir leigusala.

Lovísa Eiríksdóttir  
lovisa@frettabladid.is



Ávöxtun leigusala í Reykjavík er afar há í samanburði við aðrar evrópskar borgir, að því er fram kemur í greiningu Arion banka á fasteignamarkaði í mánuðinum.

Ávöxtun leigusala í Reykjavík nemur um níu prósentum og er borgin í þriðja sæti á eftir Chisinau í Moldóvu og Kíev í Úkraínu.

Ávöxtunin gefur til kynna þá arðsemi fjárfestingar sem leigusali má búast við fyrir skatt og viðhaldskostnað. Níu prósent ávöxtun ber vott um að fasteignir í borginni séu á mörkum þess að vera undirverðlagðar ef tekið er mið af leiguverði og ætti því að vera gott að kaupa sér íbúð í dag.

Fram kemur í greiningu Arion banka að þetta geri Reykjavík að einum af fáum borgum innan Evrópu þar sem verðlagning eigna sé nokkuð sanngjörn. Almennt virðist sem fasteignir í miðborgum Evrópu séu yfirverðlagar en þá bera leigusalar undir fimm prósent ávöxtun af fjárfestingunni.

Leigumarkaður í Reykjavík er þó í meiri sókn en kaupmarkaðurinn og hefur eftirspurn eftir leiguíbúðum aukist afar hratt eftir hrun. Meðal ástæðna fyrir þessu er að kvaðir um eigið fé við íbúðakaup hafa aukist verulega frá árunum 2004 til 2007 og reglur verið hertar um lánsveð og greiðslumat. Þessi mikla eftirspurn eftir leiguhúsnæði hefur þrýst leiguverði töluvert upp.

Leiguverð hefur hækkað um 23 prósent frá ársbyrjun 2011 en kaupverð hækkað um 18 prósent á sama tímabili. Raunverð á kaupmarkaði hefur hins vegar lækkað lítillega frá árinu 2011 á meðan raunverð á leigumarkaði hefur hækkað um þrjú prósent.

„Leiguverð hefur verið að hækka hraðar en kaupverð,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildarinnar.

„Ávöxtun leigusala á fasteignamarkaði er há í alþjóðlegum samanburði. Mikilvægt er þó að hafa í huga að vaxtastig er mismunandi milli landa og þannig er vaxtastig almennt hærra hér en í öðrum samanburðarlöndum og því eðlilegt að ávöxtunarkrafa leigusala sé hærrí,“ segir Ásdís.

Að sögn Ásdísar hefur leigumarkaðurinn hins vegar þanist út eftir hrun þar sem krafa um eigið fé gerir það að verkum að ekki hafa allir tök á því að kaupa sér fasteign.



ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR Sérfræðingur í greiningardeild Arion banka segir leigumarkaðinn hafa þanist út eftir hrun því færri eigi peninga fyrir útborgun í íbúð.

„Aukin eftirspurn á leigumarkaði hefur vissulega áhrif á leiguverð og kemur sér vel

fyrir fasteignaeigendur,“ segir Ásdís en bætir við að verðlagning á fasteignamarkaði eigi eftir

að leiðrétta sig þó að kaupverðið sé nú undir sögulegu meðaltali.  
lovisa@frettabladid.is

## Hafa flutt fjórum sinnum á fimm árum



PREYTT Á ÁSTANDINU Gunnhildur Wessman og Arnar Haraldsson ásamt yngsta barni sínu, Victori Aróni.

Hjónin Gunnhildur Wessman og Arnar Haraldsson eru á leigumarkaðnum og hafa þurft að flytja fjórum sinnum frá árinu 2008.

Gunnhildur vinnur sem aðstoðarmaður tannlæknis og Arnar er smiður og eiga þau þrjú börn. Í dag leita þau ákaft að leiguíbúð, þar sem heimili þeirra er á sölu. Hjónin undirrituðu tveggja ára leigusamning og borga 190 þúsund krónur í leigu á mánuði en þurfa að flytja út eftir átta mánaða dvöl. Uppsagnarfresturinn er þrjú mánuðir og er nú einungis einn og hálfur mánuður til stefnu. Gunnhildur segir aðstæðurnar ekki einsdæmi.

„Við bjuggum úti í Danmörku og fluttum hingað til landsins árið 2008, beint í kreppuna. Við byrjuðum á því að leigja okkur

þriggja herbergja íbúð en þegar yngsti strákurinn okkar var orðinn stærri þurftum við að fara að stækka við okkur,“ segir Gunnhildur.

Fjölskyldan flutti í kjölfarið í fjögurra herbergja íbúð. Sá leigusali missti íbúðina til Dróma fjárfestingarbanka, sem gaf þeim þriggja mánaða uppsagnarfrest.

„Bankinn sagði að þeir gætu hugsanlega lengt uppsagnarfrestinn í ár en þá myndu þeir hækka leiguna um 30 þúsund,“ segir Gunnhildur og bætir við að íbúðin sé og hafi verið tóm síðan þau fluttu út í fyrra.

Í kjölfarið fundu hjónin aðra íbúð í sama hverfi og fengu tveggja ára samning en leiga þeirra hækkaði um 50 þúsund krónur við flutningarnar. En nú hefur leigusali sett íbúðina á sölu.

„Nú þurfum við að flytja út enn eina ferðina með fjölskylduna og búslóðina eftir átta mánaða dvöl og erum í algjörrí óvissu,“ segir Gunnhildur, sem eyðir nú öllum sínum stundum í leit að nýrri íbúð.

„Fólk slæst um íbúðirnar og við höfum ekki fengið neina íbúð enn. Maður er orðinn skíthráddur og stressaður að finna ekki neitt, við viljum helst vera í hverfinu til þess að taka börnin ekki frá vinum og skóla en við erum hætt að geta gert þá kröfu,“ segir Gunnhildur og bætir við að leiguverðið sé ekki síður áhyggjuefni.

„Bæði óvissan og verðið sem fylgir þessum markaði er hrikalegt. Einnig þarf ávallt að punga út tryggingu sem við höfum ekki geta stólað á að fá til baka,“ útskýrir Gunnhildur, sem segir að óryggið sé afar slæmt.

## → Kaupendur fá leiðrét en hvað með leigjendur?

Núverandi stjórnvöld hafa lofað fasteignaeigendum skuldaleiðréttingum og nýfallnir dómur gengistryggð lán hafa komið til móts við hópinn.

Lofaðar skuldaleiðréttingar eiga væntanlega eftir að koma fram í lækun skulda og endurgreiðslna, sem mun hafa jákvæð áhrif á fasteignaeigendur að mati Arion banka.

Hins vegar hefur lítið verið rætt um stöðu leigjenda á markaðnum og hvernig komið verður til móts við þá aðila. Óvissan sem fylgir leigumarkaðnum og hækkingin verður gerir leigjendur uggandi um framtíðina.



EYRÚN OG ALVIN MEÐ DÆTURNAR Fjölskyldan þarf að flytja út af heimilinu í haust en finnur ekki íbúð á viðráðanlegu verði.

## ÓPÆGILEG ÓVISSA OG VERÐIÐ ÓBÆRILEGT

Eyrún Ósk Egilsdóttir leikskólakennari og Alvin Árnason Poulsen lagerstarfsmaður eru í sambúð í Breiðholti og í leit að íbúð í Reykjavík. Vegna þess að leigusali þeirra ákvað að framlengja ekki samninginn þurfa þau að flytja út af heimili sínu eftir sumarið og sjá ekki fram á að fá íbúð á viðráðanlegu verði.

Alvin og Eyrún eiga saman tvær dætur og eru verulega óróleg með ástandið. „Við höfum þurft að flytja nokkrum sinnum. Í fyrri íbúð okkar var leigan vísitölutengd og hækkaði verðið um 30 þúsund á einu ári. Því þurftum við að leita annað,“ segir Eyrún, sem upplifir nú að sagan endurtaki sig.

„Við erum búin að vera að

leita núna að íbúð í tvær vikur og höfum ekki fengið neitt. Greiðslugeta okkar er um 130 þúsund og eru íbúðir á því verði vandfundnar.“

Eyrún og Alvin segja óvissuna sem fylgir leigumarkaðnum afar óþægilega og verðið óbærilegt. „Við höfum skoðað það að kaupa okkur íbúð en höfum hreinlega ekki efni á því. Við eigum hvorugt foreldra sem liggja á fjársjóðum sem þau ekki þurfa að nota sjálf og þá þarf maður hreinlega bara að sætta sig við að lifa í þessari óvissu,“ segir Eyrún.

„Verðþróunin á leigumarkaði er farin fram úr öllu valdi og mér þykir grátlegt hvað leigjendur standa illa á markaði,“ segir Alvin svartstýnn á framtíðina.

**Skólagerði 61**  
200 Kópavogur  
4ja herbergja á vinsælum stað

Stærð: 78,9 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1966  
Fasteignamat: 17.700.000

**RE/MAX**  
Lind

Kristján Hauks.  
Sölufulltrúi  
6961122  
kristjan@remax.is



Stefán Jarl  
Sölufulltrúi  
8929966  
stefan@remax.is



Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.  
5107900  
thorarin@remax.is



Mánudaginn 15 Júlí kl. 17.30-18.00

Verð: 21.900.000

RE/MAX Lind kynnir: 4ja herbergja íbúð á vinsælum stað við Skólagerði í vesturhluta Kópavogs. Möguleiki á yfirtöku frá Íslandsbanka c.a. 19.650.000. - 4,2% vöxtum (bankinn heimilari yfirtöku á 90% af kaupverði)

Skript hefur verið um langflesta ofna og skipt var um þakkant árið 2009. Stundur til að mála húsið að utan nú í sumar.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

# Útsala.

ÚTSALAN ER HAFIN Í DRESSMANN  
VERIÐ VELKOMIN



**Dressmann®**

[WWW.DRESSMANN.COM](http://WWW.DRESSMANN.COM)

AKUREYRI S:4627800. SMÁRALIND S:5659730. KRINGLUNNI S:5680800.

Lagabreytingar eru forsenda skilvirkni í ríkisrekstri:

## Úrelt lög um ríkisstarfsmenn

**N**iðurskurðarhópur ríkisstjórnarinnar, sem var skipaður í síðustu viku, á að „fara yfir stóra útgjaldaliði ríkisins s.s. fjölda stöðugilda, skipulag, rekstur, innkaup og skoða hvort gera megi kerfisbreytingar sem leiða til aukinnar framleiðni og betri nýtingar fjármuna“.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Eitt af verkefnum nefndarinnar er að skoða hvort fækka megi ríkisstarfsmönnum. Forsætisráðherrann hefur fyrst og fremst sett það í samhengi við stærri skipulags- eða kerfisbreytingar eins og sameiningu stofnana.

Það hlýtur þó líka að mega fækka starfsfólki hjá einstökum stofnunum án stórfelldra kerfisbreytinga. En til þess þarf að gera breytingar á því lagaumhverfi sem opinber rekstur býr við.

Til þessa hefur verið mjög erfitt að segja ríkisstarfsmönnum upp störfum nema starfið þeirra sé beinlínis lagt niður, eða að þeir hafi gerzt sekir um alvarleg afgangur í starfi og fengið áminningu. Ástæðan er sérstök lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, sem eru allt öðruvísi en á almennum vinnumarkaði.

Í raun er alveg fráleitt að á síðasta kjörtímabili, þegar tekjur ríkisins skruppu saman og fara þurfti vel með hverja einustu krónu, skyldi ekkert vera hróflað við þessari úreltu vinnulöggjöf opinberra geirans.

Kannanir á meðal forstöðumanna opinberra stofnana hafa ítrekað sýnt að þeir eru hundóánægðir með starfsmannalögin og telja þau standa í vegi fyrir skilvirkni og hagkvæmni í ríkisrekstrinum. Stór hluti telur að þeir gætu bætt þjónustu stofnunarinnar ef þeir segðu upp hluta starfsmanna og réðu nýja í þeirra stað. Það segir okkur líka að það væri hægt að halda þjónustu margra stofnana óbreyttri en láta verkminnstu starfsmennina fara.

Þetta er aldrei gert í ríkisstofnunum; einhverja hluta vegna er það afar fátítt að menn fái áminningu fyrir að afkasta litlu í vinnunni. Þó blasir við að einhverjir standa sig síður en aðrir, í ríkisstofnunum rétt eins og í einkafyrirtækjum. En ríkisstofnanir sitja uppi með hóp starfsfólks sem stendur sig ekki, en er ekki hægt að losna við.

Því hefur stundum verið haldið fram að ef sömu reglur giltu hjá ríkinu og einkafyrirtækjum myndu yfirmenn segja upp fólki eftir geðþótta; fara eftir því hvort þeim félli vel eða illa við það, en ekki eftir því hvernig það hefði staðið sig. Reynslan af almennum vinnumarkaði sýnir þó að slíkar uppsagnir eru fátíðar. Stjórnendur í einkafyrirtækjum reyna að forðast uppsagnir í lengstu lög, en verða að taka ákvarðanir með hag fyrirtækjanna að leiðarljósi. Ef það kemur ekki nóg í kassann verður að skera niður útgjöldin og víðast hvar er slíkt erfitt án þess að fækka fólki.


Það eru í rauninni engin rök fyrir því að ekki gildi sömu reglur um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna og starfsfólks á almennum vinnumarkaði. Núverandi ríkisstjórn hlýtur að átta sig á mikilvægi þess að skera þetta kerfi upp. Ef það verður ekki gert er ekki víst að henni takist það ætluarverk sitt að ná jafnvægi í ríkisrekstrinum án þess að halda áfram að hækka skattana eins og var ævinlega lausnarorðið hjá fyrri ríkisstjórn.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Vill fremur greiða með sér**  
Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur hafist handa – í það minnsta andlega – við undirbúning þess að einkavæða heilbrigðiskerfið frekar en orðið er. Þetta kom í ljós í viðtali við hann í útvarpsþættinum Sprengisandi í gær, þar sem hann talaði um metnað sinn í þá veru. Hann sagði meðal annars þetta um þjónustu á sviði heilbrigðismála: „Það er mikil eftirspurn eftir henni og sá einstaklingur sem vill fá heilbrigðisþjónustu, hann vill fremur greiða með sér en að missa af henni.“ Þetta er líklega hárrétt metið hjá Kristjáni.

**Tvær leiðir**  
Nákvæmlega sömu orð hefðu svo sem getað hrotið af vörum heilbrigðisráðherra úr röðum Vinstri grænna, sem hefði síðan fylgt þeim eftir með skilaboðum um að einmitt vegna þess væri mikilvægt að halda heilbrigðisþjónustunni ókeypis – svo að enginn missti af henni. Kristján Þór fór hins vegar aðra leið og notaði þennan inngang sem stoð undir þá skoðun sína að frekari greiðsluþátttaka sjúklinga væri þvert á móti sérstaklega æskileg. Mennt geta svo velt fyrir sér hvor rökleiðslan er skynsamlegri.

**Helst betri**  
Af hagræðingu er það annars helst að fréttu að niðurskurðarhópur ríkisstjórnarinnar – dauðasveitin svokallaða – hefur fengið erfiðasta verkefni í sögu íslenskra stjórnvalda, ef marka má orð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra fyrir helgi: „Þessi hópur á að skoða langtímaáhrifin og reyna að hagræða á þann hátt að þjónusta við almennung verði að minnsta kosti jafngóð áfram og helst betri.“ Sem sagt: að skera niður hjá hinu opinbera en auka í leiðinni þjónustu þess við almennung. Verði Ásmundi Einari Daðasyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Unni Brá Konráðsdóttur og Vigdís Hauksdóttur að góðu.



### HALLDÓR



## Tap kynslóðanna

### MENNING



Sverrir Björnsson hönnuður

Í tilefni af skeyti frá fjarska góðum vini mínum Dóra DNA í Fréttablaðinu á dögunum er rétt að taka fram að gömlu húsin í miðborg Reykjavíkur tilheyra ekki minni kynslóð sérstaklega. Þau, eins og önnur menningarverðmæti, eru eign allra kynslóða; genginna, núlifandi og ekki síst tilvonandi. Því ættu valdhafar að stíga varlega til jarðar í niðurrífi þó að þeir sitji með skipulagsvald í borginni um skamma hríð.

Það er nýrra kynslóða að skora það á hól sem fyrir er, gagnrýna og gera betur, þannig fer heiminum fram. Baráttan fyrir húsverndun var leidd af hugmyndum hippakynslóðarinnar um afturhvarf til náttúrunnar og virðingu fyrir umhverfinu. Ungu fólki ofbauð rétttrúnaður móðernismans er ruddi miskunnarlaus öllu niður til að byggja nýjan og betri heim á áratugunum eftir stríð. Hugmyndafræðilegur rétttrúnaður hefur reynst mikill skaðvaldur fyrir eldri menningarverðmæti og á liðnum árum hefur rétttrúnaður frjálshyggjunnar um óheft vald fjármagnsins verið helsti óvinur eldri bygginga í miðbæ Reykjavíkur. Vald húsegenda til að þenja sig út í ystu mörk byggingamagns án þess að borgin geti gripið í taumana nema með óheyrilegum tilkostnaði er meinsemd sem þarf að laga.

→ Vald húsegenda til að þenja sig út í ystu mörk byggingamagns án þess að borgin geti gripið í taumana nema með óheyrilegum tilkostnaði er meinsemd sem þarf að laga.

Í greininni Sætir sigtar – beisk töp taldi ég upp nokkrar gamlar byggingar sem hafa horfið úr miðbænum en einnig má nefna tjón á innviðum húsa þar sem menningarsnauðir fjársýslusauðir hafa farið hamförum. Gömlu innréttingunum í Naustinu var mokað á öskuhaugana. Innréttingarnar í Reykjavíkur Apóteki fjarlægðar til að rýma fyrir diskóteki ásamt innréttingunum í verslun Egils Jacobsen. Öllu þessu hafa komandi kynslóðir verið rændar.

Í dag er virðing fyrir því sem er liðið leidd af krúttkynslóðinni. Hún hefur skynjað verðmæti í gömlu á nýjan hátt, fundið rætur til að skapa nýja menningu; nýja tónlist innblásna af fornum hljómi, virðingu fyrir náttúrunni og grasrótar-menningu. (Hún hefur meira að segja komið gömlu lopapeysunni aftur í tísku, og nú síðast fornaldarlegu alskegginu.) Í átökum um húsavernd er farsælt að fylgja gömlu íslensku leiðarstefi: Við eigum lítið, förum vel með það.

### SÁLFRÆÐINGUR



Ég hóf störf 1. júlí sl. á Klapparstíg 25-27 og get bætt við mig skjólstæðingum.

Tímabantanir kl 9-16 virka daga í síma 847 3600 eða á benedikt.bragi@gmail.com

Benedikt Bragi Sigurðsson, sálfræðingur. Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.

# Hið opna þjóðfélag og óvinir þess

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Árið 1835 skrifuðu þeir Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason í Fjölni um þýska skáldið Heinrich Heine sem þá var landflótta í París:

„Fáir menn munu vera sjálfum sér ólíkari; – nema þegar hann talar um frelsið, þá er hann æfinlega sjálfum sér samur, því Hæfir ann frelsinu einsog allir þeir sem bestir og vitrastir eru; enda er hann orðinn óvinsæll á Þýskalandi, bæði fyrir það og annað, so hann má valla koma þangað fram. Hann situr í Parísarborg í góðu yfirlæti, enn lángrar samt heim þaðan, einsog von er á. Alstaðar er flóttamaðurinn einmana.“

Þetta eru klassísk orð um einn þeirra fjölmörgu góðu baráttumanna sem við getum þakkað þau mikilsverðu réttindi að búa við tjáningarfrelsi í margvíslegum myndum; hugsanafrelsi, málfrelsi, kosningafrelsi, skoðanafrelsi, ferðafrelsi, kynfrelsi, já og fatafrelsi og hárgreiðslufrelsi – að geta um frjálst höfuð strokið í opnu samfélagi sem umber frávik og fagnar fjölbreytni. Baráttufólk á borð við Heine sótti þessi harðsóttu réttindi með því að óhlýðnast yfirvöldum og taka því ekki sem gefnu sem því var sagt – og þurfti margt að fóna eigin heill og hamingju í þeirri baráttu.

„Alstaðar er flóttamaðurinn einmana.“

Mennirnir hafa alltaf þurft að skapa sér sjálfir sitt frelsi í félagi við aðra – þeir hafa aldrei þegið það úr hendi yfirvalda; ekki einu sinni konungs, þótt Íslendingar hafi trúað á hans allra mildilegustu mæjstet fram á þennan dag og telji fullkomnasta form lýðræðis vera að senda konungi/forseta bænarskrá með nógu mörgum undirskriftum, sem hann muni svo vonandi skoða sínum allra mildilegustu augum.

Nei: fyrir frelsinu þarf alltaf að berjast. Af harðfylgi. Í þeirri baráttu erum við misjafnlega hugrökk og enginn hugrakkari nú um stundir en Edward Snowden.

## Með nefið niðri í hvers manns koppi

Eftirlitsaðurinn hefur vaxið stjórnlaut í Bandaríkjunum eftir árásirnar á tvíburaturnana – er stórbusiness og fær ekki aðhald frá almenningsáliti eða fjölmiðlum því að hver sá sem dregur í efa fortakslaut réttmæti hans er óðara stimplaður sem föðurlandssvikari. Smám saman hefur myndast furðu víðtæk sátt um það í Bandaríkjunum og víðar að yfirvöldum sé heimilt, í nafni almannahagsmuna, að brjóta gróflega gegn reglum réttarríkisins og réttindum borgaranna leiki á því minnsti grunur að um hættulega einstaklinga kunni að vera að ræða. Það er undir eftirlitsmönnum sjálfum komið að skilgreina þá hættu.

Í síðustu viku fengum við reyndar Íslendingar góða lexíu í valdbeitingu. Myndband fór eins og eldur í sinu um netið sem

sýndi samskipti lögreglunnar við drukkna konu sem var að þvælast fyrir lögreglubíl – en aðallega þó sjálfri sér – á Laugaveginum. Þar má sjá þrautþjálfaðan og filefldan lögreglumann stökkva á hana hálfærnulausa af ölvun, fella hana af öllu afli svo að hún skellur með bakið í bekk, draga hana eftir götunni, setja hendur fyrir aftan bak og almennt láta eins og hann sé sérsveitarmaður að fást við vopnaðan og eftirlýstan stórglæpamann með svipaða líkamsburði og hann sjálfur. Á lögreglunni er að skilja að konan hafi hrækt framan í lögreglumanninn, og vera má að við gerum ómennskar kröfur til lögreglumanna um geðþrýði þegar við áfellumst þá fyrir að missa stjórn á skapi sínu gagnvart svo ógeðslegu framferði, en hitt er fráleitt að hér hafi lögreglumaðurinn átt að beita einhverju sem þeir kalla „norsku aðferðina“ við handtöku: nær hefði verið að styðja konuna inn í bíl og aka henni heim til að sofa úr sér.

Lexían er hins vegar þessi: samfélagið gefur sumum heimild til valdbeitingar þegar þeir þurfa að fást við aðsteðjandi ógn, hvort sem hún beinist að samfélaginu í heild eða einstaklingum. Um slíka valdbeitingu verða að ríkja skýrar og afdráttarlausar reglur. Það má ekki selja þeim sem valdið fær sjálf-dæmi um það hvernig og hvenær því skuli beitt.

Þetta gildir um lögreglumenn sem þurfa að fást við drukkið fólk. Og þetta gildir um verðina sem eiga að vernda hið opna samfélag fyrir óvinum þess. Séu hlutirnir ekki á hreinu geta verðirnir sjálfir orðið óvinir hins opna samfélags. Eins og dæmin sanna.

Um slíka valdbeitingu verða að ríkja skýrar og afdráttarlausar reglur. Það má ekki selja þeim sem valdið fær sjálf-dæmi um það hvernig og hvenær því skuli beitt.

## Hetja vorra tíma

Þegar maður horfir á viðtal við Edward Snowden slær það mann hversu venjulegur náungi þetta er. Hér er Jón Jónsson sem einn góðan veðurdag getur ekki staðið í þessu lengur og finnst hann verða að láta vita á hvaða leið þjóðfélag okkar er. Þetta er frjálslýndur náungi eins og við erum flest – „ann frelsinu“ – hann aðhyllist þau gildi sem okkar vestrænu samfélög grundvallast á – og hann bregst við í anda þeirra. Hann er ekki andvígur frelsinu. Hann er að verja það.

„Alstaðar er flóttamaðurinn einmana“. Hann hirst nú á flugvelli í Moskvu og Bandaríkjamenn heimta að fá hann fram-seldan til að hneppa í svarthol án dóms og laga eins og Bradley Manning. Það er hryggilegt að Íslendingar skyldu ekki bregðast eins og menn við beiðni Snowdens um hæli hér á landi – en hann virðist einhvern veginn hafa fengið þá hugmynd að hér á landi væri unnendur frelsis og lýðrættinda sérstaklega boðnir velkomnir. Það hefði orðið landkynning til að vera stoltur af.

## AF NETINU

### Ísland er ekki ódýrast

Viðskiptablaðið birti um daginn frétt frá evrópsku hagstofunni og lagði áherslu í uppslætti sínum á að norrænt verðlag væri nú lægst á Íslandi.

[...] Þetta er þó mjög villandi uppsláttur hjá Viðskiptablaðinu. Þetta eru tölur um verðlag mælt í Evrum, með kaupmáttarjafngildingunni. Þetta er verðlagið eins og það blasir við útflendingum – ekki Íslendingum.

Við innbyggjar Íslands erum með íslenska krónu og mun lægri tekjur og minni kaupmátt en hinar norrænu þjóðirnar. Það þýðir í reynd að fyrir Íslendinga er verðlag herra, miðað við laun og tekjur, en hjá hinum norrænu þjóðunum.

[blog.pressan.is/stefano](http://blog.pressan.is/stefano)

Stefán Ólafsson

### Lögbrot varð skylda

Aukin vernd flautublásara snýst um, að samfélagið þarf leiðir til að rjúfa þagnarmúr og glæpi í viðskiptum og pólitík. Víða á vesturlöndum hafa verið sett lög til að vernda þá fyrir hefnd hinna spilltu kerfa. Þar á meðal hér á landi. Stríðsglæpadómstóllinn í Nürnberg hóf þennan feril með orðunum: „Einstaklingum ber skylda til að brjóta gegn landslögum til þess að hindra glæpi gegn mannkyninu og heimsfriði.“ Samkvæmt hinu fjölþjóðlega siðalögmáli ber að vernda Edward Snowden flautublásara gegn ofsóknaræði Bandaríkjanna. Sem undir stjórn hins vænisjúka Barack Obama eru orðin mesta ógn mannkyns.

[jonas.is](http://jonas.is)

Jónas Kristjánsson

# FJÖLSKYLDUBÍLLINN

## .....FRÁBÆRT VERÐ



## RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

16" álfelgur • Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu • Fjarlægðarvari að framan og aftan Bluetooth handfrjáls símabúnaður • Aðfallanlegir rafmagnsspeglar • Aðgerðahappar í stýri • Hraðastillir (Cruise control) • Hiti í framsætum • iPod og Aux-tengi • Regnskynjari • LED ljósabúnaður

## RENAULT SCENIC

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR

EYÐSLA 4,7 L/100 KM

VERÐ 4.290.000 KR.



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

Bílahúsið  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
421 8808

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

✝

Okkar ástkæra

**BRYNJA BJÖRG BRAGADÓTTIR**  
Tjarnarmýri 13 Seltjarnarnesi

sem lést 10. júlí verður jarðsöngin frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 17. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Styrktarsjóð krabbameinssjúkra barna.

<p><b>Ragnar Imsland</b> <b>Ómar Logi Imsland</b> <b>Birgir Imsland</b> <b>Arnar Imsland</b> <b>Sigurlaug Sveinsdóttir</b> <b>Styrmir Bragason</b> <b>Margrét Bragadóttir</b></p>	<p><b>Alexandra Unudóttir</b> <b>Bragi P. Sigurðsson</b> <b>Halla Helgadóttir</b> <b>Karl Sveinsson</b></p>
---	---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ODDUR BENEDIKTSSON**  
bifvélavirkjameistari,  
Seiðakvísl 6, Reykjavík,

lést á hjartadeildinni 12E á Landspítalanum sunnudaginn 7. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna föstudaginn 12. júlí. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Fyrir hönd fjölskyldunnar  
**Bryndís Alma Brynjólfssdóttir**

<p><b>Ása Oddsdóttir</b> <b>Axel Oddsson</b> <b>Laufey Oddsdóttir</b> <b>Diana Oddsdóttir</b></p>	<p><b>Ásgerður Jónsdóttir</b> <b>Bogi Jónsson</b> <b>Gunnar S. Hrólfsson</b></p>
---	--

barnabörn og barnabarnabörn.



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**HALLUR J. M. SVEINSSON**  
Skarðshlíð 36f, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð Akureyri 3. júlí. Útför hans hefur farið fram. Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Lögmannshlíð fyrir góða umönnun.

<p><b>Margrét Hallsdóttir</b> <b>Sigursveinn Hallsson</b> <b>Þorvaldur Hallsson</b> <b>Unnur Hallsdóttir</b> <b>Sævar Hallsson</b> <b>Auður Hallsdóttir</b> afa, langafa- og langalangafabörn.</p>	<p><b>Reynir Hjartarson</b> <b>Ingibjörg Guðjónsdóttir</b> <b>Kristrún Þórhallsdóttir</b> <b>Heiðar Ólafsson</b> <b>Bryndís Valtýsdóttir</b> <b>Birgir Árnason</b></p>
--	--



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR HEIMIR RÖGNVALDSSON**  
Brekkuhvammí 7, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 5. júlí. Jarðsöngur verður frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 16. júlí kl. 13.00.

<p><b>Kristín Bjarnadóttir</b> <b>Sigurlaug Helga Emilsdóttir</b> <b>Birna Guðmundsdóttir</b> <b>Vignir Guðmundsson</b> barnabörn og barnabarnabörn</p>	<p><b>John H. Frantz</b> <b>Guðný Á. Jónsdóttir</b></p>
---	---



WWW.KVEDJA.IS

*Útvarastofa*  
**SVAFARS & HERMANNS**



*Virðing) Reynsla & Þjónusta*  
*Allan sólarhringinn*

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

**Fjölbreytt úrval legsteina**  
**Frí áletrun og uppsetning**

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88  
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

**Graníthöllin**

Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði  
www.granithollin.is  
Sími 555 38 88



**PETTA GERÐIST: 15. JÚLÍ 1606**

## Mikill meistari fæðist

Listmálarinn Rembrandt Harmenszoon van Rijn fæddist þennan mánaðardag árið 1606 í Leiden í Hollandi. Hann er talinn meðal bestu málara í evrópskri listasögu.

Rembrandt gekk í latínuskóla sem drengur en hugur hans hneigðist fljótt til lista og fór hann í læri til málara. Eftir námið opnaði hann vinnustofu í Leiden. Árið 1629 var Rembrandt uppgötvaður af stjórnámálanum og skáldinu

Constantijn Huygens, sem vakti athygli Friðriks Hinriks prins á málaranum. Prinsinn keypti málverk af Rembrandt í mörg ár.

Rembrandt var afkastamikill og eftir hann liggja mörg hundruð verk. Hann málaði meðal annars um 100 sjálfmyndir. Það sem einkenndi verk hans var tækni byggð á ljósi og skuggum sem rekja má til Caravaggio en Rembrandt lagaði að eigin stíl.



**VANDVIRKUR ÞYÐANDI** Sigurður hlaut mikið lof fyrir þýðingu sína á Ariasman eftir Tapio Koivukari. Hér er hann á slóðum hvalfangaranna í bókinni. MYND/ADALSTEINN SVANUR

# Fékk Riddarakross fyrir það sem þótti klikkun

Sigurður Karlsson hlaut á dögunum Riddarakross Finnska ljónsins fyrir framlag sitt til útbreiðslu finnskra bókmennta. Sigurður hefur á undanförunum árum getið sér orð sem einn okkar besti þýðandi en í byrjun fannst útgefendum framlag hans lítt áhugavert.

Orðan er kennd við finnska ljónið og er riddarakross sem samsvarar fálka-orðunni íslensku,“ segir Sigurður spurður hvaða merkingu orðan hafi. „Þeim finnst það greinilega tíðindum sæta að einhver nenni að þýða finnskar bókmenntir yfir á íslensku.“

Sigurður er leikari að mennt og var tíður gestur á fjöllum íslenskra leikhúsa áður en hann sneri sér að skriftum. Hvað olli þessari stefnu-breytingu? „Þetta er gömul della hjá mér, þessi veikleiki fyrir Finnum og finnsku. Ég byrjaði á því að læra finnsku hér í Háskólanum og fór í framhaldi af því til Finnlands til að taka einn vetur í háskóla þar. Ílentist þar, meðal annars vegna þess að ég fór að leika í sænska leikhúsinu í Åbo.

Þegar því var að ljúka, vorið 2005, átti ég fjörutú ára leikafmæli og fannst kominn tími á að breyta svolítið til. Fékk þá hugmynd að fara að þýða úr þessu skrytna tungumáli sem ég var kominn sæmilega inn í og hef verið í því síðan.“

Fyrsta þýðing Sigurðar, Fyrmæli eftir Leenu Lander, kom út 2004 en hann segir hana litla athygli hafa hlotið. Að ráði finnska lektorsins við Háskóla Íslands hófst hann þá handa við að þýða Óþekktan hermann eftir Väinö Linna, en það reyndist ekki hlaupið að því að fá hana útgefna. „Ég fór að leita fyrir mér hjá útgefendum en það hafði enginn nokkurn áhuga á því gefa út finnskar bókmenntir. Fjórum árum síðar komst ég í samband við

Kristján Kristjánsson hjá Uppheimum og honum fannst svo klikkað að einhver hefði þýtt Óþekktan hermann án útgáfusamnings að hann vildi ólmur fá að taka þátt í ævintýrinu.“

Kristján hefur varla séð eftir þeirri ákvörðun því síðan hefur hver þýðing Sigurðar rekið aðra og má nefna bækur Sofíe Oksanen, Tapio Koivukari og fleiri og fleiri. Álagið hefur aukist ár frá ári og nú er svo komið að Sigurður hefur tæpast undan að þýða þær bækur sem útgefendur vilja. „Nú eru glæpasögurnar komnar til sögunnar, það verður að gefa þær út til að borga undir fagurbókmenntirnar, þannig að ég lít varla upp frá tölvunni núorðið.“

fridrikab@frettabladid.is

✝

Elskuleg móðir okkar og amma,

**SIGRÍÐUR HLÖÐVERSDÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí mánudaginn 8. júlí. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 23. júlí kl. 13.00.

**Ólafur Guðmundsson**  
**Edda Rós Guðmundsdóttir**  
**Unnur Brynja Guðmundsdóttir**  
og barnabörn.



## MERKISATBURÐIR

- 1435** Danakonungur semur um frið við greifana í Holtsetalandi.
- 1567** María Stúart bíður ósigur fyrir skoska aðlinum við Carberry Hill og er fangelsuð í Loch Leven-kastala.
- 1870** Manitoba verður fylki í Kanada.
- 1958** Tilraun Meselsons og Stahl birtist í PNAS, en með henni sýna Matthew Meselson og Franklin Stahl fram á að lífverur tvöfalda erfðaeftirbirting sítt með því að afrita hvorn DNA-þráðinn fyrir sig.
- 1970** Stórbruni verður í verkstæðisbyggingu Strætisvagna Reykjavíkur við Kirkjusand. Meðal annars brenna þrjár strætisvagnar.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## KORKTAPPAR Á UNÐANHALDI

Skrúfaðir tappa hafa tekið völdin í vínveröldinni. Á Nýja-Sjálandi eru nú 90% vínframleiðslunnar með skrúfuðum tappa og aukningin er umtalsverð í Ástralíu. Það er þó ekki bara „Nýi vínheimurinn“ sem notar slíka tappa því vínframleiðendur um allan heim eru að breyta úr korktappa yfir í skrúfaðan.

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

COBB

Tilvalið kolagrill í ferðalagið, bátinn eða pallinn. Sparneytið á kol, aðeins 8-12 kolamolar duga fyrir steikingu. Hægt að staðsetja á borði meðan grillað er þar sem grillið hitnar ekkert að utanverðu.



Söluaðilar: Garðheimar - Húsasmíðjan - Bauhaus.



### NÝR LEKTOR

Á myndinni situr Garðar á stól úr íslensku lerki úr Hallormsstaðaskógi sem hann sjálfur hannaði en var smíðaður af handverksmönnum á Austurlandi. Við hlið hans er lampi úr áli sem ber nafnið „Up on a stool“. Garðar vann þetta álverkefni fyrir sex árum, en lampinn var gerður í málmsteypunni Hellu í Hafnarfirði.

MYND/VALLI

## EKKI RÓMANTÍSKUR

**HÖNNUN** Garðar Eyjólfsson hefur verið ráðinn í stöðu lektors í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Verk Garðars eru fjölbreytt og þykja óvenjuleg.

Ég er ekki mjög hefðbundinn vöruhönnuður,“ segir Garðar Eyjólfsson, sem hefur störf sem lektor við Listaháskóla Íslands í ágúst. Garðar hlaut BA Honours-gráðu í vöruhönnun við Central Saint Martins, University of the Arts í London árið 2009. Þá lauk hann meistara-gráðu í samhengisfræðilegri hönnun við Hönnunar-akademíuna í Eindhoven árið 2011. Hann hóf

störf á þessu ári sem aðjúnt í vöruhönnun við Lhí en hefur auk þess hefur starfað sem stundakennari við Listaháskólann, Myndlístaskólann í Reykjavík og Iðnskólann í Hafnarfirði. Þá vann Garðar fyrir Iðnaðarráðuneytið og Hönnunarmiðstöð Íslands að rannsóknarvinnu fyrir gerð Hönnunarstefnu fyrir Ísland.

„Ég reyni að vinna út frá því að hafa efnið ▶

## RÝMINGARSALA Á ÝMI HEILSUDÝNUM



5 ára ábyrgð

Hágæða 5 svæðisskipt sjálfstætt pokagormakerfi sem styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Réttur stuðningur við líkamann sem gefur hámarkshvöld. Mýkra og betra axlarsvæði. Vandaðar kantstyrkingar. Ath. margar stærðir

Stærð	Verð áður	Rýmingarsöluverð með PU leðurbotni og fótum stgr.
90x200	89.900.-	74.900.-
140x200	119.900.-	104.900.-
180x200	149.900.-	134.900.-



Gerid gæða- og verðsamanburð

### Frábært kynningarverð á MEMORY HEALTH CARE þrýstijöfnunar-heilsudýnum

Stærð	Kynningarverð
90x200	99.900.-
120x200	119.900.-
140x200	139.900.-
160x200	149.900.-
180x200	169.900.-

12 mán. vaxtalauser greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald



5 ára ábyrgð

Fimm stjörnu verslun


Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
Sími 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi  
Vissir þú að...  
börn eiga  
rétt á  
vernd gegn  
einbeita.

► sjálft sem byrjunarpunkt,“ upplýsir Garðar, en sum verkefna hans byggjast á íslenskum efnum á borð við lerki, hreindýraleður, ál og stein. „Það hefur verið þema hjá mér að vinna með staðbundið hráefni og staðbundna þekkingu,“ segir hann, en efnið og verkferlið skiptir hann miklu máli enda segir hann vöruna sem slíka afleiðingu fremur en upphafspunkt.

Verk Garðars hafa verið valin á alþjóðlegar sýningar, meðal annars í Slóveníu og Milanó, auk þess sem útskriftarverk hans var valið framúrskarandi nemendaverk árið 2011. Þá birti tímaritið Volume meistara ritgerð hans, „The New System“, árið 2011.

Garðar segist ekki vilja vera rómantískur í sinni hönnun. „Ég vil heldur taka hlutina inn í nútíðina eða jafnvel inn í framtíðina,“ segir hann og mun reyna að miðla því til nemenda sinna sem lektor. „Ég vil leggja áherslu á dýpri rannsóknir á því hvernig hlutir verða til og hvaðan efnin koma. Legg einnig áherslu á að fólk skilji lífhringir efna, hvaðan efnið kemur, hvað er búið til úr því og í hvað hluturinn er síðan notaður. Ekki sakar að fólk sé meðvitað um val á efni í þeim tilgangi að lífhringurinn geti endurtekið sig.“

■ solveig@365.is



**HYDRO MOPHOSIS**

Hugmyndin að baki þessari hönnun var að sýna einstakt samband Íslands við orkugjafa sína og hvernig vatn, orka og ál geta nærst hvert á öðru til að mynda ápreifanlegan hlut á borð við brú sem er viðhaldið í efnishringrás. Garðar notar rafal til að búa til rafmagn úr rennandi vatni. Rafallinn knýr varmadælu sem dregur allan hita úr álinu á brúnni og smám saman myndast ís. Við þetta verður til hringrás sem viðheldur ísbrúnni.



**PLASTIC SOCIETY**

Hannað í samstarfi við Thomas Vailly. Í þessu verkefni var velt upp þeirri spurningu hvernig hægt væri að nýta efni og hluti í æ brenglaðri heimi. Í sérstakri vinnustofu urðu til hugmyndir um hvernig hægt væri að nota lífrænt, mótanlegt plastefni til að framleiða hagnýta hluti með sérstakri tækni sem kallast pinching.



**PROTECTED TIME** Pakkningar í fagurfræðilegu ljósi. Hugmyndin að baki þessari vöru var sú að sýna pakkingu, sem yfirleitt er hent við afhendingu vöru, í fagurfræðilegu ljósi.



**LARCH 1** Viðarstóll úr smíðju Garðars.

**SÓFAR FYRIR ÞIG OG ÞÍNA**

Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum

- Gerð - fleiri en 900 mismunandi útfærslur
- Stærð - engin takmörk
- Áklæði - yfir 3000 tegundir




**Torino 2+H+2**  
299.000 kr.  
Verð áður 333.900 kr.



**Roma 2+tunga (3 litir)**  
Verð nú kr. 125.900  
Verð áður 179.900 kr.



**Basel 2+H+2**  
309.500 kr.  
Verð áður 343.900 kr.

Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

VIÐ ERUM FLUTT Á BÍLDHÖFÐA 18

Vertu velkomin!

Opið virka daga kl. 10-18



Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

**VOPNIN ENDURNÝTT**

**HÖNNUN**

Húsgögn sem búið eru til úr gömlum byssum verða til sýnis í Jack Bell galleríinu í London fram í ágúst. Húsgögnin eru eftir hönnuðinn Gonçalo Mabunda frá Mósambík. Mabunda vinnur með vopn sem fundust við lok borgarastríðsins í Mósambík árið 1992. Stríðið ríkti í landinu í sextán ár.

Meðal vopna sem Mabunda notar má nefna skotrennur, rífla og byssur sem hönnuðurinn bræðir saman til að mynda hásaeti skreytt afrískum grimum.




**BOLTA RÉTTUR**  
Quesadillas með kjúklingi, nautahakki, fersku salsa, kornsalsa og osti.  
**Culiacan**  
Suðurlandsbraut 4a  
533 1033 www.culiacan.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**, sverrirbs@365.is, s. 512 5432  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, koll@365.is, s. 512-5447

Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:  
**App sem þú þarft**  
Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann





## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lökk. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
lökk. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lökk. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir  
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

## Nýtt frábært fasteignaapp

Nú geta þeir sem eru að hugleiða íbúðarkaup einfaldað sér leitina með nýju fasteignaappi. Á því skapast símanotendum nýir möguleikar sem auðvelda leitina að réttu eigninni.

Grétar Jónsson, formaður Félags fasteignasala, segir að inni á appinu séu allar fasteignir á landinu sem séu til sölu. Einnig töluvert margar leiguíbúðir. „Það er einfalt að hala appinu niður í iPhone- og Android-síma. Kaupandi getur ekið í ákveðið hverfi sem hann hefur augastað á til búsetu og fengið upp á appinu allar þær eignir sem eru til sölu á því svæði. Þetta er hægt að gera um allt land. Staðsetningarbúnaður í appinu staðsetur sjálfkrafa kaupandann. Ég veit að sumir eru farnir að nota þetta í leit að sumarhúsum ef þeir eru

að sækjast eftir ákveðnum stöðum,“ segir Grétar. „Myndir og nákvæm lýsing á viðkomandi fasteign kemur upp í símanum þannig að kaupandinn þarf

ekki mikið að hafa fyrir því að sækja sér upplýsingar hvar sem hann er staddur,“ segir Grétar ennfremur. „Þetta er alveg ótrúlega magnað forrit sem á eftir að koma leitendum fasteigna til góða. Þetta er fyrsta og eina fasteignaappið hér á landi og þetta er auðvitað nútíminn,“ segir Grétar. „Við lögðum upp úr að hafa þetta sem allra fullkomnast og það ætti að sinna þörfum og kröfum allra. Nú geta menn leitað að réttu fasteigninni hvar sem þeir eru staddir á landinu, heima eða á ferðinni.“

Appið er hægt að sækja inn á fasteignir.visir.is í Appstore og Google Play.

Nýja fasteignaappið býður upp á margvíslega skemmtilega möguleika.



**FASTEIGNASALAN BÆR**  
www.fasteignasalan.is

**Álagrandi 10 - 107 Rvk**  
Opið hús þriðjudaginn 16. júlí kl. 17:00 - 17:30

**OPÍÐ HÚS**

4ra herbergja íbúð, skráð á 3. hæð en er í raun aðeins einn og hálfur stigi upp. Tvönnar svalir. Eldhús og stofa í alrými, sem snýr í suður. Tengd fyrir þvottavél á baði. Rúmgóð herbergi. 98 fm **Verð 26,9 - Áhvilandi 8,7**

**Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!**

Sími 824 7772 [audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)  
Auður Kristinsdóttir Lökk. fasteignasali

**FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA**  
**820 8081**

Sylvía G. Walthersdóttir [sylvia@remax.is](mailto:sylvia@remax.is)

**RE/MAX Alpha**

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested lökk. fasteignasali. [einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)

KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

**Smíðjuvegur 4 - 200 Kópavogur**

**Laus strax** **Nýtt á skrá**

2113 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði á þremur hæðum við Smíðjuveg 4 í Kópavogi. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin er skráð á fimm fastanúmer og því möguleiki að skipta því upp í smærri einingar hjá nýjum kaupanda. **V. 199,0 m.**

**Kambasel 85 - 109 Reykjavík**

**Laus strax**

Rúmgóð og vel skipulögð 81,5 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og stórra timburverönd við Kambasel 85 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir 4,8 m<sup>2</sup> sérgæmsla. **18,9 m.**

**Leifsgata 15 - 101 Reykjavík**

**Laus strax**

Björt og vel skipulögð 49,5 m<sup>2</sup>, 2-3ja herbergja risibúð við Leifsgötu 15 í Reykjavík. Góð lofthæð og stórir gluggar gera íbúðina bjarta og skemmtilega. **V. 17,9 m.**

**Álfhólsvegur 45 - 200 Kópavogur**

171,5 m<sup>2</sup> sérhæð á 1. hæð í þrjúbílshúsi, ásamt 26,6 m<sup>2</sup> bílskúr við Álfhólsveg 45 í Kópavogi. Góð eign fyrir stórar fjölskyldur, góð rými og mörg herbergi. Góð afgirt timburverönd. **V. 37,9 m.**

**Laxatunga 26 og 30 - 270 Mosfellsb.**

Laxatunga 26 og 30 í Mosfellsbæ. 243,5 m<sup>2</sup>, 5 herbergja raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Tvær svalir. Stórar stofur. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Björt rými og stórir gluggar. Húsin eru rúmlega foheld í dag og afhendast í núverandi ástandi. **Verð 24,0 til 24,9 m.**

**Rauðamýri 1 - 270 Mosfellsbær**

Björt og falleg 143,1 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaiðbúð á jarðhæð með sérinngangi við Rauðamýri 1 í Mosfellsbæ. Íbúðinni fylgir staði í lokaðri bílagæmslu. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 31,9 m.**

**Krókatjörn - í Miðdalslandi**

Fallegt sumarhús á 10.000 m<sup>2</sup> eignarlóð við Krókatjörn í Mosfellsbæ. Þetta er fallegt 51,8 m<sup>2</sup> sumarhús með millilofti, góð timburverönd með skjólgirðingu, mikill gróður umhverfis húsið og eignarlóðin nær niður að Krókatjörn. **22,5 m.**

**Stórikriki 3 - 270 Mosfellsbær**

Fallegt og vel skipulagt 219,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og stórra lóð. Frábært fjölskylduhús með 4 svefnherbergjum o.fl. **V. 43,9 m.**

**Hulduhlíð 9, íbúð 101 - 270 Mosfellsbær**

**Laus strax** **Nýtt á skrá**

Rúmgóð 84,1 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja endaiðbúð á jarðhæð með sér inngangi og garði við Hulduhlíð 9 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og gæmslu. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 22,9 m.**

**Spóahöfði 6 - 270 Mosfellsbær**

**Nýtt á skrá**

Glæsilegt 175,1 m<sup>2</sup> raðhús með innbyggðum bílskúr við Spóahöfða í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. Tvær timburverndir. Þetta er falleg eign í góðu hverfi á vinsælum stað í Mosfellsbæ. **V. 45,9 m.**

**Ásholt 3 - 270 Mosfellsbær**

**OPÍÐ HÚS**

Mjög glæsilegt 321,8 einbýlishús á tveimur hæðum með eintsaklega fallegum garði við Ásholt 3 í Mosfellsbæ. Aðkoma er að húsinu á efri hæð, sem skiptist í forstofu, hol, stóra stofu með arni, eldhús, þvottahús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og gestasalerni. Á neðri hæðinni er sér inngangur, forstofa með gufubaði og sturtu, 30 m<sup>2</sup> herbergi, stigagangur upp á efrihæð og tvö gluggalaus rými samtals ca. 60 m<sup>2</sup>. Lóðin er sérlega glæsileg með mjög mikið af trjágróðri og 28 m<sup>2</sup> sólskála með heitum potti. **V. 64,9 m.**



**Jón Guðmundsson**  
Sölustjóri  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Páll Þórólfsson**  
Sölumatur  
pall@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### NÝJAR ÍBÚÐIR



#### LANGALÍNA 33-35 – SJÁLANDI

Nýjar 3ja og 4ra herbergja íbúðir.  
Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í nýju og glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 109 fm. upp í 151 fm. **Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

### 2JA HERBERGJA



#### BERGPÓRUGATA- REYKJAVÍK.

- 35,1 fm. ósamþykkt íbúð í kjallara miðsvæðis.  
- Íbúðin hefur nánast öll verið endurnýjuð á sl. 10 árum.  
- Eldhús, stofa og eitt herbergi innan stofu.  
- Nýlegar raflagnir og tafla. **12,9 millj.**



#### MÁVAHLÍÐ – REYKJAVÍK.

- Góð 45,6 fm. risibúð í Hlíðunum.  
- Björt stofa. Eitt svefnherbergi. Baðherbergi með sturtu.  
- Geymslupláss undir súð. Þvottaherbergi í kjallara.  
- Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. **17,9 millj.**



#### RAUÐAVALÐ – REYKJAVÍK.

- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.  
- Sérinnangangur auk sér stæðis í bilageymslu.  
- Sér hellulögð verönd til suðurs.  
- Eikarinnréttingar og þvottah. innan íbúðar. **23,9 millj.**

### 3JA HERBERGJA



#### DVERGBAKKI - REYKJAVÍK

- Vel skipulögð 72,8 fm. íbúð á 2. hæð auk bílskúrs.  
- Baðherbergi nýlega endurnýjað. Björt stofa.  
- Tvennar svalir. Fallegt útsýni yfir borgina.  
- 19,2 fm. bílskúr. Pak nýlega málað. **20,9 millj.**



#### FUNALIND- KÓPAVOGI.

- Falleg 115,4 fm. íbúð á efstu hæð. 2 herbergi.  
- Verulega aukin lofthæð og skjólsælar suðursvalir.  
- Stórir gluggar til vesturs í stofu.  
- Hús í góðu ástandi. Góð sameign. **33,9 millj.**



#### SKÚLAGATA- 55 ÁRA OG ELDRI. LAUS

- 101,1 fm. 3ja – 4ra herb. íbúð á 3. hæð. Stæði í bílag.  
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpshol. 2 svefnherb.  
- Flislagðar yfirbyggðar svalir.  
- Hús nýviðgert að utan og málað. **33,5 millj.**



#### 17. JÚNÍTORG – SJÁLANDI GARÐABÆ.

- Rúmgóð íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri.  
- Íbúðin er 120,6 fm. að stærð auk 7,3 fm. sér geymslu.  
- Vandaðar eikarinnréttingar og eikarparket á gólfum.  
- Sér stæði í bilageymslu. Vestursvalir. **35,5 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### FELLAHVARF – KÓPAVOGI. EFRI SÉRH.

- Mjög vönduð vel skipulögð 119,6 fm. 3ja - 4ra herb.  
- Íbúð sem er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt.  
- 2 herbergi í dag en auðvelt að bæta 3ja herberginu við.  
- Frábær útsýnisstaður við Elliðavatn. **39,9 millj.**  
Útsýni til suðurs og vesturs.



#### RÁNARGATA – REYKJAVÍK.

- 82,1 fm. íbúð á 1. hæð í þessu fallega steinhúsi.  
- Lítil stúdíóíbúð í kjallara.  
- 2 svefnherbergi á hæðinni. Nýleg innrétting í eldhúsi.  
- Er í útleigu í dag. Góðar leigutekjur. **29,9 millj.**



#### SOGAVEGUR-REYKJAVÍK. EFRI SÉRH.

- 122,9 fm 3ja – 4ra herbergja efri sérhæð auk bílskúrs.  
- Afar vel innréttuð eign. Sérsmíðaðar innréttingar.  
- Samliggjandi stofur. 2 herbergi. 2 baðherbergi.  
- Extra háar innihurðir. Halogenlýsing.  
- Eikarparket og flisar. **46,9 millj.**



#### ÁLFASKEIÐ – HAFNARFIRÐI. 5 HERB.

- Falleg 117,4 fm. nokkuð endurn. endaíbúð á jarðhæð.  
- Gluggar í þrjár áttir og útgengi á verönd til suðurs.  
- Baðherbergi endurnýjað. Auðvelt að breyta borðstofu í fjórða herbergið. 23,7 fm bílskúr. **26,4 millj.**

### SÉRBÝLI



#### ÁLFABREKKA- KÓPAVOGI.

- Glæsilegt einbýlishús á fallegri lóð með miklum veröndum og skjólveggjum. Stórar stofur. Sjónvarpsstofa.  
- Eignin er hæð og kjallari 243,0 fm. að stærð að meðt.30,7 fm. bílskúr. Hjónasvíta. Nýlegt eldhús. **61,9 millj.**



#### VÍÐIGRUND – KÓPAVOGI

- Nánast algjörlega endurnýjað 126,2 fm. einbýlishús.  
- Húsið hefur allt verið endurnýjað að innan á sl. árum.  
- Stór og björt stofa. Þrjú herbergi.  
- Ræktuð og skjólgóð lóð. Verönd til suðurs og vesturs. **50,0 millj.**



#### REYKJAVÍKURVEGUR- HAFNARFIRÐI

- Virðulegt og afar fallegt 275,7 fm. einbýlishús, hæð og kj.  
- Lofthæð efri hæðar tæplega 3 metrar. Arinn í stofum.  
- Mjög stór og gróin með steinsteypum veggjum á allar hlíðar. 16,5 fm. bílskúr.  
- Ekið er að húsinu frá Norðurbraut. **49,9 millj.**



#### KAMBASEL-REYKJAVÍK

- 188,9 fm. 5 herbergja raðhús að meðt. 20,8 fm. bílskúr.  
- Opið nýlegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi.  
- Aukin lofthæð í stofu. Arinstofa með útgengi á svalir.  
- Eign sem hefur alla tíð fengið gott viðhald. **40,9 millj.**



### Selbraut – Seltjarnarnesi

Glæsilegt og nánast algjörlega endurnýjað 302,3 fm. einbýlishús. Nýtt þak með zinki er á húsinu og húsið var málað að utan árið 2012. Að innan hefur húsið allt verið endurnýjað á sl. 15 árum og er í mjög góðu ástandi. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi. Bjartar stofur. 7 herbergi. Massívt parket á gólfum og vandaðar innréttingar og tæki. Lóð hússins er öll nýlega endurnýjuð með stórra hellulagðri og afgirtri skjólgóðri lóð til suðurs með heitum potti.



### Sigurhæð- Garðabæ

Mjög fallegt og vandað 292,0 fm einbýlishús að meðtöldum 44,0 fm. bílskúr í Hæðahverfinu í Garðabæ. Húsið stendur á 840 fm. skjólgóðri lóð með afgirtri verönd með heitum potti. Eldhús er nýlega endurnýjað. Nýtt og vandað aðalbaðherbergi. Ný gólfefni að hluta og hiti í gólfum að hluta. Samliggjandi stofur með arni. 5 herbergi. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla. **Verð 84,9 millj.**

## SÉRBÝLI



### HVANNALUNDUR – GARÐABÆ.

- Glæsilegt 206 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum bílskúr.
- Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanföllum árum.
- Samliggjandi stofur með útgengi í sólskála. 4-5 herbergi.
- Falleg ræktuð lóð með veröndum og skjólveggjum.

54,9 millj.

## 4RA- 6 HERBERGJA



### HÖRGSHLÍÐ – REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ

- Virkilega falleg sérhæð í tvíbýlishúsi á frábærum stað.
- Stofur með aukinni lofthæð. 4 herbergi.
- Stórar svalir til suðvesturs. Bílskúsréttur.
- Stór lóð við opið svæði. Stutt í alla þjónustu og skóla.

49,2 millj.

## SUMARBÚSTAÐIR



### EINBÝLISHÚS Á EYRARBAKKA

Fallegt bárujármsklætt 121,5 fm. einbýlishús á Eyraþakka. Húsið stendur á 613,2 fm. leigulóð og er byggt árið 1900. Byggt var við húsið árið 2006 á vandaðan hátt og á sama tíma var eldra húsið allt endurnýjað m.a. gler og gluggar, ofnar og raflagnir. Bárujárn á eldra húsi hefur einnig verið endurnýjað og viðhaldið í gömlum stíl. Opið eldhús við stofu. Tvö herbergi. Baðherbergi með sturtuklefa. Hátt er til lofts í stofu og eldhúsi. Furuborð á gólfum.

30,0 millj.



### GRJÓTAGATA- REYKJAVÍK.

- Stórglæsilegt og algjörliga endurbyggt einbýlishús í Grjótagötu.
- Í húsinu er þegar leyfi fyrir gistihéimilisrekstri.
- Allt innbú til rekstarins fylgir.
- Húsið var allt endurbyggt í upprunalegum stíl árið 1999.

69,9 millj.



### STANGARHOLT - REYKJAVÍK. 5 HERBERGJA ÍBÚÐ

- 5 herbergja 123,6 fm. íbúð á 2. hæð miðsvæðis í Reykjavík.
- Íbúðinni fylgir 20,4 fm. bílskúr og sér geymsla í kjallara.
- Íbúðin er vel innréttað. Allar innréttingar eru úr beyki.
- Flísagóðar svalir út af stofum til suðvesturs.

39,9 millj.

### HEILSÁRSHÚS Á PINGVÖLLUM.

Byrjunarframkvæmdir að 195,5 fm. sumarhúsi/heilsárshúsi á fallegum stað í Heiðarbæjarlandi, á Pingvöllum, Bláskógabyggð. Lóðin er um 7.000 fm. að stærð, leigulóð frá Landbúnaðarráðuneytinu til 50 ára, vaxin trjám. Stórkostleg staðsetning nánast alveg við vatnið með gríðarlega skemmtilegu útsýni. Hægt er að aka alveg að bústaðnum um hlið og vegarslóða. Sökklaar að sumarhúsinu eru komnir og allar vinnuteikningar fyrirgjandi. Borhola er í landinu fyrir kalt vatn. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

### PENTHOUSE“ ÍBÚÐ ÓSKAST

Óskum eftir fyrir traustan kaupanda um 200 fm. „penthouse“ íbúð í Sjálandi í Garðabæ með þakgarði og tveimur bílastæðum.



### HAUKANES – GARÐABÆ.

- 274,0 fm. einbýlishús að meðt. 63,0 fm. innb. tvöföldum bílskúr.
- Skemmtilega hönnuð eign.
- Opið eldhús með eyju. Fjögur herbergi. Gufubað.
- 1.554,0 fm. eignarlóð, vel staðsett og með góðu útsýni.

69,0 millj.



### KLAPPARSTÍGUR

- Glæsileg 176,2 fm. útsýnisíbúð á tveimur efstu hæðum.
- Sér staði í bilageymslu. Þrennar svalir til norðurs, austurs og suðurs.
- Glæsilegar stofur. Sjónvarpsstofa með gólfsíðum gluggum.
- Mikil lofthæð er á efri hæð. Stórkostlegt útsýni út á sundin.

## ATVINNUHÚSNÆÐI



### MÖRKIN. VERSLUNAR- OG LAGERHÚSNÆÐI TIL SÖLU EÐA LEIGU

Til sölu- eða leigu 158,8 fm. verslunar- og lagerhúsnæði við Mörkina. Húsnæðið er vel staðsett við fjölfarna umferðaræð og skiptist í opið verslunarymi, afstúkaðan lager, snyrtingu og ræstiaðstöðu og lítið skrifstofueldhús. Húsnæðið er í góðu ásigkomulagi sem og sameign. Lóð frágengin með fjölda bílastæða.



### ÆGISGRUND- GARÐABÆ.

- 224,0 fm. einbýli á þremur pöllum að meðt. 54,4 fm. bílskúr.
- Í dag nýtt sem tvær íbúðir, en auðvelt að breyta aftur í eina.
- Stór og skjólgóð viðarvernd til suðurs með heitum potti.

Frábær staðsetning. Stutt í skóla og aðra þjónustu.

45,0 millj.



### NAUSTABRYGGJA – REYKJAVÍK.

- 210,6 fm. 7 herbergja íbúð á tveimur hæðum.
- Sér staði í bilageymslu.
- 5 svefnherbergi. Stofa með gólfsíðum gluggum.
- Glæsileg íbúð. Aukin lofthæð.

52,9 millj.



### GARÐATORG – GARÐABÆ

- Til sölu eða leigu 128,8 fm. verslunar-/þjónusturými.
- Opið verslunarymi auk skrifstofu o.fl.
- Yfirbyggð göngugata.
- Húsnæðið er laust til afhendingar nú þegar.

14,0 millj.



## BREKKUBÆR 42

### Brekkubær 42 – Reykjavík.

OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00

